



Nýjasta fjártækni og vísindi

Ársrit Samtaka fjármálafyrirtækja 2017

Ársrit SFF 2017

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra.....	5
Svipmyndir af mörkuðum	8
Nýjasta fjármálatækni og vísindi	30
Áskoranir og tækifæri á verðbréfamörkuðum.....	52
Aukinn sýnileiki og átak í útgáfumálum.....	62
Nýir varnargarðar	66
Vel metið framlag SFF til fjármálafræðslu.....	72
Samtök fjármálafyrirtækja.....	78
Aðildarfélög.....	80

Framtíðin er komin

Starfsárið sem er að líða hefur verið nokkuð viðburðaríkt hjá okkur í Samtökum fjármálafyrirtækja eins og efni ársritsins ber með sér. Staðan á íslenskum fjármálamarkaði er í senn spennandi en einnig full af áskorunum. Á meðan liðin ár hafa einkennst af verkefnum tengdum endurreisn fjármálakerfisins eftir hrun sem hafa tekist afar vel, þá stöndum við enn frammi fyrir miklum breytingum.

Í fyrsta lagi ber þar að nefna að það bíða á þriðja hundrað innleiðingar, stórar og smáar, frá ESB í gegnum EES-samninginn á sviði fjármálamarkaða. Af þeim sökum hafa samtökin aukið þátttöku sína í Evrópsku tryggingasamtökunum (Insurance Europe) og Evrópsku bankasamtökunum (European Banking Federation). Markmiðið með þeirri þátttöku er að styrkja samtökin í þeirri vinnu sem við tökum þátt í þegar kemur að innleiðingu reglugerða og tilskipana hér á landi. Höfum við þétt samstarf okkar við systursamtök okkar innan EES annars vegar og Norðurlandanna hins vegar.

Ein stærsta áskorunin sem EES-ríkin þrjú standa nú frammi fyrir er að tryggja samræmi í regluverki innri markaðar Evrópu. Þar standa EES-ríkin frammi fyrir því að misræmi hefur skap-



**Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri
Samtaka fjármálafyrirtækja.**

ast og mun halda áfram að skapast í því hvenær regluverk tekur gildi í Evrópu, hvenær það er innleitt í EES-ríkjunum og ekki síst hvenær það er tekið upp í EES-samninginn. EES-ríkin fara gjarnan þá leið að taka regluverk upp áður en það er komið inn í EES-samninginn. Þótt það sé jákvætt er það engu að síður áskorun því þá er einungis verið að taka regluverkið inn í íslenskan rétt en staðan gagnvart stofnunum innri markaðarins er óljós eða hreinlega ekki orðin virk. Þá má ekki gleyma því heldur að nú þegar fjármagnshöftum hefur verið lyft hér á landi geta komið upp tæknileg vandamál við þessar aðstæður þar sem það regluverk sem ekki er komið inn í EES-samninginn gildir þá í raun ekki fyrir EES-ríkin þrjú á innri markaðnum. Stjórnvöld allra þriggja EES-ríkjanna gera sér grein fyrir þessu og leggja því mikla áherslu á að upptaka tilskipana og reglugerða gangi hratt og örugglega fyrir sig. Framkvæmdastjórn ESB hefur jafnframt ákveðið að setja meiri kraft í þessa vinnu sín megin en fyrir-sjáanlegt er að framhald verði á þessu misræmi einfaldlega vegna þess fjölda sem bíður innleiðingar. Áhyggjur okkar hjá SFF snúa ekki síst að þeim tilskipunum og reglugerðum sem heyra undir Evrópsku eftirlitsstofnanirnar á sviði fjármálamarkaðar sem Ísland varð aðili að á seinni hluta síðasta árs. Mikilvægt er því fyrir markaðinn að hann sé upplýstur um stöðuna hverju sinni svo að hann fái skýra mynd af því hvenær áætlanir gera ráð fyrir að einstaka tilskipanir og reglugerðir hafi að fullu tekið gildi innan Íslands, Noregs og Liechtenstein.

Í öðru lagi stöndum við frammi fyrir gríðarlegum tækifærum vegna hinnar stafrænu byltingar sem allir markaðir standa nú frammi fyrir og mun hafa einna mest áhrif á fjármálamarkaði. Þannig er fyrirséð að greiðslumiðlunartilskipunin (PSD2) muni hafa mikil áhrif hér á landi ásamt öðrum þáttum sem ætlað er að auðvelda fjármálaviðskipti þvert á landamæri innan innri markaðar Evrópu. Ljóst er að Evrópuþingið og framkvæmdastjórn ESB miða að því að efla þau frekar. Það felur í sér heilmikil tækifæri fyrir fjármálafyrirtæki en ekki síst neytendur. Á sama tíma er það áskorun fyrir okkur því við þurfum að gæta að efnahagslegu sjálfstæði Íslands. Um þetta fjöllum við hjá SFF heilmikið nú um stundir í grein-ingum, ræðu og riti. Regluverkið er þó bara einn þáttur þessara breytinga. Hin stóra breytan er auðvitað nýjar kröfur hinna svokölluðu stafrænu kynslóða sem eru að breyta eftirspurninni hratt með innkomu

sinni á alla markaði. Í stafrænum heimi er hraði og gagnvirkni lykillinn að því að halda sér á landakorti markaðarins. Samkeppnin fer þannig hratt harðnandi í heimi þar sem minni, kvikari fyrirtæki, sem ekki heyra undir fjármálaeftirlit eða skattheimtu líkt og hefðbundin fjármálafyrirtæki, nýta sér tækifæri á einstökum sviðum fjármálaþjónustu. Þannig búa fyrirtæki til nýjan hlekk í virðiskeðjuna til viðbótar við kerfin sem rekin eru fyrir. Segja má þó að þarna sé að skapast gagnvirkt samband milli minni fjártækni-fyrirtækja og hefðbundnari fjármálafyrirtækja þar sem báðir aðilar hafa hag af hinum. Hér á landi hafa fjármálafyrirtækin tekið sprettinn inn í þessa veröld og eru því að stórum hluta að breytast í fjártækni-fyrirtæki samhliða hinum hefðbundna rekstri. Þessi staðreynd kallar jafnframt á endurskilgreiningu á því hvað sett er undir hatt svokallaðra grunnkerfa í fjármálaþjónustu, eða þjóðveginn sem allir þurfa að tengja sig við.

Ég sakna þess að ofangreindar breytingar, hætturnar og tækifærin, séu ekki ræddar á sviði stjórn-málanna þegar þar á sér stað umræða um fjármálamarkaðinn. Á meðan það sem er helst rætt á því sviði er hversu mikið ríkið eigi að eiga í fjármálafyrirtækjum eða hvernig megi sækja meira fjármagn til fjármálafyrirtækjanna inn í samneysluna, eiga sér stað stórtækar breytingar á fjármálamörkuðum sem kalla miklu frekar á spurningar eins og hvernig við ætlum að gera íslenskum fjármálafyrirtækjum kleift að taka þátt í þeim og þeirri hörðu samkeppni sem þeim fylgir. Eins er mikilvægt að rætt sé um mikilvægi öflugss íslensks fjármálakerfis fyrir íslenskt efnahagslíf og neytendur. Til að tryggja að svo verði er grundvallaratriði að endurmeta regluverkið, minnka séríslensk ákvæði í lögum, lækka bankaskattinn og fleira svo að hægt sé að reiða sig á þær miklu tekjur sem fjármálakerfið skilar til sam-neyslunnar til lengri tíma og tryggja Íslendingum sambærileg kjör og aðgengi að þjónustu fjármálafyrirtækja og best gerist í nágrannalöndum okkar.

Öll viljum við heilbrigða og öflugra fjármálaþjónustu. Til þess að skapa hana er mikilvægt að ræða einstaka þætti í starfsumhverfinu kreddulaust.

Það sem einkennir samkeppnisumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja er íþyngjandi skattaumhverfi.

Svipmyndir af mörkuðum

Í ljósi þess að fjártækni og tryggingatækni (e. fintech og insurtech) samhliða innleiðingu nýrrar greiðslutilskipunar Evrópusambandsins (PSD II) hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir starfsumhverfi hefðbundinna fjármálafyrirtækja hér á landi þegar fram í sækir, má gera ráð fyrir því að áhrifin á tekjur þeirra geti orðið þó nokkur.

Einkenni samkeppnisumhverfis íslenskra fjármálafyrirtæki er annars vegar íþyngjandi skattaumhverfi og hins vegar tilhneiging stjórnvalda til þess að flétta inn séríslenskum ákvæðum við tilskipanir Evrópusambandsins þegar þær eru innleiddar í íslenskan rétt.

Gríðarleg skattbyrði fjármálageirans

Í skýrslu fjármála- og efnahagsmálaráðherra um skatttekjur, skattrannsóknir og skattaeftirlit sem lögð var fyrir 147. löggjafarþing er þróun opinberra gjalda lögaðila skipt eftir atvinnugreinaflokkum borin saman. Þar sést að fyrirtæki í fjármála- og váttryggingastarfsemi bera langþyngstu byrðarnar þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda en þau borga tæplega þriðjung allra opinberra gjalda hér á landi. Í raun er hlutfallið enn hærra þegar hlutur hins opinbera er tekinn úr jöfnunni.

Opinber gjöld

– skipt eftir helstu atvinnugreinum

	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	Breyting
Byggingariðnaður	5.203	4.717	4.553	4.355	5.017	6.285	7.305	40%
Fasteignaviðskipti	2.073	2.087	2.252	2.528	3.015	3.546	4.444	114%
Fjármálageiri	14.220	20.977	23.242	23.951	79.555	70.790	47.368	233%
Framleiðsla	8.350	14.526	18.984	20.424	19.316	21.094	22.732	172%
Verslun	9.180	10.461	11.755	12.202	13.458	13.888	15.523	69%
Landbún. og fiskv.	3.178	5.221	6.992	7.664	5.921	8.119	7.193	126%
Híð opinbera	13.711	17.927	19.746	17.906	19.282	20.173	21.872	60%
Ferðaiðnaður	4.724	6.669	7.691	7.872	8.544	9.692	11.573	145%
UT og fjarskipti	3.239	4.061	4.693	4.874	5.139	5.415	6.346	96%
Hátækni	5.774	6.365	7.175	7.446	8.131	8.353	9.165	59%
Annað	8.009	11.321	11.821	11.785	13.239	16.049	18.374	129%
SAMTALS	77.661	104.332	118.904	121.007	180.617	183.404	171.895	121%

Allar upphæðir eru í milljónum króna.

Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Þar sést að fyrirtæki í fjármála- og váttryggingastarfsemi bera langþyngstu byrðarnar þegar kemur að innheimtu opinberra gjalda en þau borga tæplega þriðjung allra opinberra gjalda hér á landi.

Tekjuskattsstofn

– skipt eftir helstu atvinnugreinum

	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	Breyting
Byggingariðnaður	15.236	7.602	6.804	6.800	8.594	12.819	15.467	2%
Fasteignaviðskipti	10.063	7.807	7.663	8.493	10.770	12.918	17.107	70%
Fjármálageiri	65.082	82.215	64.892	56.546	112.460	112.691	116.617	79%
Framleiðsla	12.812	27.858	41.812	50.145	43.440	50.924	54.985	329%
Verslun	25.892	17.369	20.703	24.052	26.971	27.411	32.605	26%
Landbún. og fiskv.	7.205	10.879	17.220	21.530	12.317	23.574	17.981	150%
Híð opinbera	0.001	0.002	0.000	0.000	0.000	0.000	0.003	200%
Ferðaiðnaður	8.553	5.893	7.927	9.241	9.410	11.778	15.150	77%
UT og fjarskipti	5.814	3.971	4.617	6.207	5.760	5.936	8.857	52%
Hátækni	18.154	13.388	13.478	14.521	16.831	15.954	18.627	3%
Annað	14.684	13.942	13.845	14.233	17.778	26.374	32.513	121%
SAMTALS	183.496	190.926	198.961	211.768	264.331	300.379	329.912	80%

Allar upphæðir eru í milljónum króna.


Heimild: Fjármálaráðuneytið.

Alls greiddi fjármála- og váttryggingageirinn tæpa 50 milljarða í opinber gjöld árið 2016.

Arðgreiðslur viðskiptabankanna frá stofnun

– hlutur ríkisins og annarra

Heimild: Bankasýsla ríkisins.



Alls greiddi fjármála- og váttryggingageirinn tæpa 50 milljarða í opinber gjöld árið 2016. Aðildarfélag SFF stóðu undir þessum greiðslum að langstærstum hluta og nam þeirra hlutur tæpum 40 milljörðum króna.

Eins og sést hefur þróun undanfarinna ára verið á þann veg að fjármálageirinn tekur á sig sífellt meiri byrðar þegar kemur að skattheimtu. Þannig hefur heildarhlutur fjármála- og váttryggingafyrirtækja þegar kemur að greiðslu opinberra gjalda aukist um 233% frá árinu 2010. Til þess að varpa ljósi á þá staðreynd að þessi aukning er

ekki tilkomin vegna aukinna umsvifa heldur vegna aukningar á álögum má benda á þróun tekjuskattsstofnsins. Hann hefur þannig aðeins aukist um 79% frá árinu 2010 hjá fjármála- og váttryggingafyrirtækjum.

Arðgreiðslur eru ekki í þessum tölum en þær hafa verið umtalsverðar frá endurreisn viðskiptabankanna þriggja. Samtals hafa þær numið tæpum 200 milljörðum frá árinu 2013 og er hlutur ríkisins í þeim um 150 milljarðar. Aðildarfélag SFF hafa þannig greitt tæplega 400 milljarða króna til ríkisins frá árinu 2009.

Ótekjutengdir séríslenskir skattar grafa undan samkeppnishæfni

Að stærstum hluta er um að ræða ótekjutengd gjöld sem eru greidd óháð afkomu rekstursins hverju sinni. Árið 2016 greiddu aðildarfélög SFF tæpa tuttugu milljarða í ótekjutengd gjöld. Heildargreiðslur aðildarfélaganna hafa numið á bilinu 35 til 40 milljarða undanfarin ár. Þetta eru á bilinu 5-6% af heildartekjum ríkissjóðs.

Sérstakir skattar sem lagðir eru á banka og sparisjóði námu um 14–14,3 ma.kr. á árunum 2015 og 2106 í sömu röð. Til samanburðar nam vaxtamunur þeirra um 89 ma.kr. á árinu 2016. Hinir sérstöku skattar nema því um 16% af vaxtamun banka og sparisjóða.

Skattlagning af þessu tagi grefur undan samkeppnishæfni aðildarfélaga SFF og rýrir virði eignarhluta ríkisins í viðskiptabönkunum.



Sérstakir skattar sem lagðir eru á banka og sparisjóði námu um 14–14,3 ma.kr. á árunum 2015 og 2106 í sömu röð.

Sem dæmi um þetta má nefna að aðilar sem ekki bera sambærilega skattbyrði hér á landi hafa aukið umsvif sín verulega á sama tíma. Má þar nefna lífeyrissjóði en umsvif þeirra á fasteignalánamarkaði hafa vaxið hratt á undanförunum misserum.

Nýjum útlánnum lífeyrissjóða til sjóðsfélaga hefur ekki eingöngu

fjölgað heldur hefur meðalfjárhæð nýrra útlána einnig hækkað. Á fyrstu átta mánuðum ársins námu ný útlán 76% hærri fjárhæð en fyrir samsvarandi tímabil 2016. Hlutfall útlána til sjóðsfélaga með veði í íbúð af heildareignum lífeyrissjóðanna var í lok ágúst 8% og hefur hækkað um 1,3 prósent frá áramótum.

Á fyrstu átta mánuðum ársins námu ný útlán 76% hærri fjárhæð en fyrir samsvarandi tímabil 2016.




Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007 til 2016

– Gögn ná til allra aðildarféлага SFF

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Iðgjald Tryggingarsjóður innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142	3.230	3.152	3.152	3.261	3.227	3.200
Sérstakur skattur v/vaxtangr. (0,0875% skulda)					1.959	2.210	0	0	0	0	0
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313	3.261	3.494	3.508	3.410	3.439	3.273
Tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	7.011	9.837	14.399	15.320	15.637	11.733
Fasteinagjöld	N/A	639	733	317	328	291	224	259	211	217	233
Almennt eftirlitsgjald v. Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000	1.216	1.198	1.107	1.124	1.202	1.499
Gjöld vegna viðbótareftirlits	0	273	1.824	183	39	16	15	13	13	8	7
Fjármálaeftirlit samtals	483	938	2.363	837	1.039	1.232	1.218	1.120	1.137	1.213	1.505
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	0	0	994	1.006	1.089	6.424	8.425	8.562	8.745	9.131
UMS / Ráðgjafarstofa heimilanna		20	26	247	624	630	651	403	316	87	702
Fjársýsluskattur (Nú 5,5% af launum)						2.186	2.980	2.531	2.407	2.635	2.592
Sérstakur fjársýsluskattur (6% af hagnaði < 1 ma.kr.)						1.626	2.711	4.201	3.745	4.431	2.971
SAMTALS ÖLL GJÖLD	21.635	25.059	16.111	28.277	25.080	22.766	30.691	37.998	38.369	39.631	35.340

Skattar, gjöld og iðgjöld til TIF

– 2007 til 2017



Opinber gjöld á fjármálageirann hafa meira en tvöfaldast á undanförunum átta árum. Þar munar mest um jafna og sígandi hækkun ótekjutengdra gjalda, sem nú eru hærri en hin tekjutengdu.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.411	14.129	18.143	19.398	19.304	19.563	20.636
Tekjutengd gjöld	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	8.637	12.548	18.600	19.065	20.068	14.704

Allar upphæðir eru í milljónum króna. Tölur eru byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrirtækjum. Tölur fyrir 2017 eru að áætlaðar fyrir nokkur minni fyrirtæki. Iðgjald til TIF 2017 er byggt á áætlun sjóðsins.

Sérstakir skattar og virði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Hlutfall íslenska ríkisins í bókfærðu eiginfé viðskiptabankanna sem hlutfall af landsframleiðslu var tæplega 19% í árslok 2016.

Ekkert ríki í Evrópu hefur jafn mikla fjárbindingu í eignarhluta á fjármálamarkaði en það íslenska. Hlutfall íslenska ríkisins í bókfærðu eiginfé viðskiptabankanna sem hlutfall af landsframleiðslu var tæplega 19% í árslok 2016. Hlutfallið var 3,6% í árslok 1997 þegar ríkið átti Búnaðarbankann, FBA og Landsbankann. Til samanburðar var hluturinn á sama tíma á bilinu 1,9–5,4% í ríkjum á borð við Belgíu, Bretland, Grikkland, Holland og Írland.¹

Á sama tíma og stjórnvöld fara með stærri hlut í fjármálageiranum en þekkist í Evrópu ganga þau lengra í skattheimtu en þekkist á Vesturlöndum. Skiptir sérstök skattlagning þar mestu.

Þessi sérstaka skattlagning er til þess fallin að rýra eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þrátt fyrir að í ríkisfjármálaáætlun sé að


finna fyrirheit um að hefja lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki á árinu 2020 og lækka hann í fjórum jöfnum áföngum niður í 0,145% hefur ekkert verið lögfest í þeim efnunum.

Í fyrstu útgáfunni af Hnotskurn – ársfjórðungsriti SFF – reiknaði Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur samtakanna út áhrif þessarar skattlagningar á virði hlutabréfa í viðskiptabönkunum. Niðurstaðan var sú að ef þessir skattar verða innheimtir til frambúðar rýrir það virði bankanna um 276 milljarða og þar af leiðandi skerða skattarnir virði hlutar ríkisins um 150 milljarða. Áhrifin verða umtalsvert minni ef verður af þeim áformum sem er að finna í ríkisfjármálaáætlun um lækkun bankaskattsins á árunum 2020–2023 en þá rýrir skattheimtan virði bankanna um 150 milljarða.

¹ Skýrsla Bankasýslu ríkisins 2017.

Sérstakur bankaskattur

– í ríkjum Evrópu



Enginn af þeim
sérstöku sköttum
sem nú gilda um
fjármálafyrirtæki er
tímabundinn.

Það sama gildir um lánastarfsemi erlendra banka sem eðli málsins samkvæmt greiða ekki skatta og gjöld á Íslandi. Þeir hafa aukið markaðshlutdeild sína hér á landi umtalsvert á síðustu árum og þá fyrst og fremst þegar kemur að lánveitingum til stærri innlendra fyrirtækja.

Sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki rýrir virði eignarhluta í þeim fyrirtækjum. Enginn af þeim sérstöku sköttum sem nú gilda um fjármála-


fyrirtæki er tímabundinn. Í ríkisfjármálaáætlun sem afgreidd var á Alþingi á síðasta ári koma að vísu fram áform um að hefja lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki á árinu 2020 og lækka hann í fjórum jöfnum áföngum niður í 0,145%. Þessi áform hafa ekki verið lögfest og því er ekki ljóst hver endanleg niðurstaða verður. Þeir skattar sem eru lagðir sérstaklega á aðildarfélög SFF en ekki á þá sem eru í samkeppni við þau eru þrír: sérstakur



Ný íbúðalán frá 2013

– eftir flokki lánveitanda

Heimild: Seðlabanki Íslands.



skattur á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki leggst á skuldahlið fjármálafyrirtækja. Fjársýsluskattur leggst á launagreiðslur fjármálafyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur er lagður á hagnað umfram einn milljarð.

Ólík samkeppnisskilyrði

Af þessum sköttum er sérstaki skatturinn á fjármálafyrirtæki þungbærastur fyrir stærri fyrirtækin þar sem hann hefur bein áhrif á fjármögnunarkostnað lánafyrirtækja. Skatturinn var

Áherslur SFF í skattamálum

Afleiðingarnar eru að lánveitingar og fjármálaþjónusta flyst til aðila sem ekki lúta eftirliti FME sem fjármálafyrirtæki.

- Samtökin leggja áherslu á að starfsumhverfi fjármálafyrirtækja hér á landi sé sambærilegt við starfsumhverfið í nágrannalöndunum.
- Hvergi í Evrópu er skattlagning á fjármálafyrirtæki hærrí en á Íslandi og leit er að ríkjum sem leggja fleiri sérstaka skatta á rekstur slíkra fyrirtækja.
- Hér á landi eru þrjú skattar lagðir sérstaklega á fjármálafyrirtæki: bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Bankaskatturinn er um 10 sinnum hærrí hér á landi en almennt tíðkast hjá þeim Evrópulöndum sem leggja á slíkan skatt.
- Að óbreyttu rýra þessir sérstöku skattar heildarvirði bankakerfisins um allt að 280 ma.kr. en íslenska ríkið fer með stærstan hluta eignarhalds þess. Verði af áætlunum um lækkun bankaskatts á árunum 2020–2023 nemur virðisrýrnunin 150 ma.kr.
- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki var hækkaður úr 0,041 í 0,376% árið 2013 til að standa straum af kostnaði við höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra íbúðalána. Nú er sá kostnaður að fullu fjármagnaður, en ekki hefur orðið af lækkun skattssins og því mikilvægt að mat fari fram á langtímaáhrifum hans á fjármálamarkaðinn.
- Sérstök skattlagning eykur rekstrarkostnað fjármálafyrirtækja og veikir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart öðrum fyrirtækjum. Afleiðingarnar eru að lánveitingar og fjármálaþjónusta flyst til aðila sem ekki lúta eftirliti FME sem fjármálafyrirtæki.
- Skatturinn ýtir undir skuggabankastarfsemi. Það eykur fjármálalega kerfisáhættu. Samkeppnisstaða gagnvart erlendum lánveitendum veikist einnig og í kjölfar þess má búast við vaxandi hlutdeild þeirra í lánum hér á landi, ekki sist stærri fyrirtækja.
- Útlán innlendra banka og sparisjóða til atvinnufyrirtækja námu um 1150 ma.kr. um síðustu áramót en lán erlendra aðila til atvinnufyrirtækja námu um 550 ma.kr. á sama tíma.
- Til lengri tíma litið má búast við að innlendar fjármálastofnanir verði síður færar um að veita innlendum markaði heildstæða fjármálaþjónustu.

hækkaður á árinu 2013 og er 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja. Í raun hækkar hann fjármögnunarkostnað fjármálafyrirtækja sem skatturinn nær til um samsvarandi hlutfall. Áður hafði skatthlutfallið verið 0,041% af skuldum. Skatthlutfallið var hækkað í því skyni að mæta hluta kostnaðar vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra fasteignalána og áformað var að tímabundin hækkun hans myndi ná til áranna 2014 -2017.

Efnislega hefur hinn sérstaki skattur á fjármálafyrirtæki (bankaskatturinn) þau áhrif að fjármagnskostnaður þeirra fyrirtækja

sem bera skattinn er 0,376% hærri en annarra aðila þar sem hann leggst á allar skuldir fyrirtækjanna.

Á innlendum fjármagnsmarkaði er vaxtastig á skuldabréfum banka um 3,5-4% þegar um verðtryggingu er að ræða en 5-6% á óverðtryggðum skuldabréfum. Skatturinn er því verulegur í hlutfalli við vaxtakostnað. Þessi kostnaður bætist einnig við þann sem fellur til vegna eiginfjárákvæða laga um fjármálafyrirtæki. Saman veikja þessir tveir þættir, bankaskatturinn og eiginfjárfrafan, samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart lánveitendum sem ekki eru leyfisskyldir sem fjármálafyr-



Á innlendum fjármagnsmarkaði er vaxtastig á skuldabréfum banka um 3,5-4% þegar um verðtryggingu er að ræða en 5-6% á óverðtryggðum skuldabréfum.

Yfirlit yfir starfsskilyrði

– keppinauta á lánamarkaði

	Viðskiptabankar og sparisjóðir	Íbúalánasjóður	Lánasjóður sveitarfélaga	Lífeyrissjóðir	Vátrygginga-félög	Eignaleigur	Kortafyrirtæki	Verðbréfa-fyrirtæki
Starfsleyfi frá FME	●		●	●	●	●	●	●
Eftirlit frá FME og eftirlitsgjald	●	●	●	●	●	●	●	●
Tekjuskattur	●				●	●	●	●
Ríkisábyrgð		●						
Fjársýsluskattur, almennur	●	●			●	●	●	●
Fjársýsluskattur, sérstakur	●		●		●	●	●	●
Bankaskattur	●					●		
Umboðsmaður skuldara	●	●	●	●	●	●	●	●
Eiginfjárlutfall	●	●			●	●	●	●
Lausafjárlutfall	●		●		●	●	●	●
Bindiskylda	●				●			
Úrskurðarnefnd	●							
Reglur um kaupauka	●				●	●	●	●

Útlán innlendra banka og sparisjóða til atvinnufyrirtækja námu um 1150 ma.kr. um síðustu áramót en lán erlendra aðila til atvinnufyrirtækja námu um 550 ma.kr. á sama tíma.

irtæki. Það er meðal annars í krafti þessa ástands að lífeyrissjóðirnir hafa sótt fram á fasteignalánamarkaðnum með miklum krafti enda falla þeir ekki undir ofangreinda þætti – bankaskatt og eiginfjárkröfur.

Í umræðum um íslenskan lánamarkað er þeirri mynd gjarnan haldið á lofti að innlendir bankar og sparisjóðir séu allsráðandi. Staðreyndin er hins vegar sú að erlend fjármálafyrirtæki eru með umtalsverða markaðshlutdeild á innlendum lánamarkaði þrátt fyrir að þau starfræki ekki útibú eða dótturfélög hér á landi. Um langt skeið hafa erlend fjármálafyrirtæki veitt stærri innlendum fyrirtækj-

um bankapjónustu. Þetta gildir um stærri sjávarútvegsfyrirtæki, ýmis stærri útflutningsfyrirtæki og orkufyrirtæki. Útlán innlendra banka og sparisjóða til atvinnufyrirtækja námu um 1150 ma.kr. um síðustu áramót en lán erlendra aðila til atvinnufyrirtækja námu um 550 ma.kr. á sama tíma. Hlutur erlendra aðila er því um þriðjungur af heildarlánnum til fyrirtækja. Sama gildir um þessi lán og fasteignalánin, vaxtaálag er lágt eða gjarnan á bilinu 1–2% vegna eðlis viðskiptanna og þau því viðkvæm fyrir áhrifum bankaskatts og áhrifum hærri eiginfjárfrafna hér á landi en í nágrannalöndum. Vegna bankaskattsins og hærri eiginfjárfrafna standa innlend lánafyrirtæki mjög höllum fæti í samkeppni við erlenda lánveitendur.

Hófleg stærð bankakerfisins

Við upphaf ársins 2017 námu eignir íslenska bankakerfisins um 3700 milljörðum króna eða sem nemur margfeldi einnar og hálftrar landsframleiðslu ársins 2016. Íslenska bankakerfið er því töluvert minna en gengur og gerist að meðaltali í Evrópu.

Þegar horft er til eignasamsetningar þriggja stóru viðskiptabankanna er hún býsna einföld. Heildareignir námu tæpum 3168 milljörðum eftir fyrsta fjórðung ársins 2017 og þar af var langstærsti hlutinn útlán til viðskiptavina. Þau námu 2200 milljörðum. Bankarnir þrír hafa undanfarið ár varðveitt stóran hluta af rúmri lausafjárstöðu sinni í markaðsskráðum skuldabréfum. Samtals nema lausafjáreignir og lán til fjármálafyrirtækja um 765 ma.kr. og skýrir það stærstan hluta annarra eigna bankanna þriggja, annarra en útlán til viðskiptavina.


Samtals er hlutabréfaeign bankanna þriggja, en undir það fellur m.a. eign í fasteigna- og rekstrarfélögum, eins og sjá má í töflunni, um 82 ma.kr. og þar af eru óskráð hlutabréf um 42 ma.kr. Bankarnir hafa jafnframt markvisst á undanförunum árum selt frá sér þær eignir í óskyldum rekstri sem þeir fengu í hendurnar í kjölfar fjármálakreppunnar.

Þetta eignasafn endurspeglast eðli málsins samkvæmt ágætlega þegar horft er til rekstrarstekna bankanna. Þær eru að langstærstum hluta til

Tekjusamsetning stóru viðskiptabankanna

– frá 2013


Heimild: Seðlabanki Íslands



Eignasamsetning stóru viðskiptabankanna

– 2017

Heimild: Seðlabanki Íslands





Íslensku bankarnir í alþjóðlegu samhengi

Í meginatriðum er staða íslensku bankanna sterk í alþjóðlegum samanburði. Afkoman af rekstri bankanna er farin að mótast í mun ríkara mæli af reglulegri starfsemi en á fyrstu árunum eftir að þeir voru endurreistir. Það hefur sett sitt mark á arðsemi eiginfjár en samt sem áður er hún sambærileg við það sem


gerist hjá norrænum bönkum af svipaðri stærð og þeir íslensku og mun betri en hjá stórum evrópskum bönkum. Þá er arðsemi eigna hærri hjá íslensku bönkunum en gengur og gerist hjá norrænum og evrópskum bönkum.

Kostnaðarlutfall íslensku bankanna er svipað og hjá norrænum bönkum af sam-

Samanburður við norræna og evrópska banka

– frá 2013

Heimild: Seðlabanki Íslands



bærilegri stærð og er það lægra en almennt tíðkast hjá stórum evrópskum bönkum. Aftur á móti er vaxtamunurinn meiri hjá íslensku bönkunum en þeim norrænu en það skýrist meðal annars af mjög íþyngjandi skattaumhverfi og því hversu hátt eiginfé íslensku bankanna er.

Góð staða íslensku bankanna ásamt bættu

lánshæfismati íslenska ríkissjóðsins í kjölfar afnáms hafta hefur leitt til þess að kjör á erlendri fjármögnun þeirra hefur sífellt farið batnandi og vaxtaálagið hefur minnkað á árinu. Þetta hefur leitt til þess að markaðsfjármögnun bankanna hefur aukist á ný þó svo að enn séu þeir fyrst og fremst fjármagnaðir með innlendum innlánnum.

Kostnaðarhlutfall íslensku bankanna er svipað og hjá norrænum bönkum af sambærilegri stærð og er það lægra en almennt tíðkast hjá stórum evrópskum bönkum.

komnar vegna útlánastarfsemi á meðan hlutur annarra rekstrartekna og virðisbreyting útlána hefur minnkað markvisst á undanförunum árum.

Aukning eftirlitskostnaðar

Þrátt fyrir að umræðan byggist stundum á þeirri forsendu að íslensk fjármálafyrirtæki samanstandi eingöngu af aðildarfélögum Samtaka fjármálafyrirtækja þá er það fjarri lagi. Þannig eru heildareignir viðskiptabankanna aðeins rétt ríflega þriðjungur


af heildareignum fjármálakerfisins og fer hlutfallið upp í um 40% þegar verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir eru taldir með. Skiptir þar stærð lífeyrissjóðanna mestu máli en þeir eiga tæplega 40% allra eignanna. En þrátt fyrir það fer veigamesti hluti starfa Fjármálaeftirlitsins í eftirlit með fyrirtækjum sem eiga aðild að SFF. Íslenska bankakerfið er ekki hlutfallslega stórt miðað við landsframleiðslu í samanburði við bankakerfi vestrænna ríkja og umtalsvert

Skiptir þar stærð lífeyrissjóðanna mestu máli en þeir eiga tæplega 40% allra eignanna.

Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlits

– og stærð bankakerfis sem margfeldi af VLF

Heimildir: FME, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands





Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið hafi minnkað mikið hefur kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers eftirlits hækkað mikið á undanförunum árum.

minna en bankakerfi evruríkjanna að meðaltali en eftirlit með því er kostnaðarsamt. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Þannig var íslenska bankakerfið áttföld landsframleiðsla þegar það var sem stærst og alþjóðleg umsvif mest á árunum 2007 til 2008. Þrátt fyrir að íslenska bankakerfið hafi minnkað mikið hefur kostnaður fjármálafyrirtækja vegna opinbers eftirlits hækkað mikið á undanförunum árum. Þannig nam rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins 1,1 milljarði árið 2010 en var kominn í yfir tvo milljarða árið 2016. Þannig hafa rekstrargjöldin hækkað um milljarð á sjö árum.

Aðildarfélag SFF eiga þrjú fulltrúa í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Á þeim vettvangi hefur verið stutt við þá uppbyggingu og eflingu sem hefur átt sér stað innan FME. Nefndin hefur hinsvegar velt upp spurningum um hvers vegna fjárfesting í upplýsingatækni og tölvukerfum og innleiðing áhættumiðaðs eftirlits leiði til kostnaðarauka en ekki hagræðingar. Nefndin hefur lagt til að ráðist verði í rekstrarúttekt á FME sem næði utan um allar þær breytingar sem átt hafa sér stað á regluverki og aðstæðum á fjármála-markaði.

Heildareignir
váttryggingafélaganna
fjögurra – Sjóvá, TM,
Varðar og VÍS – námu
um 134 milljörðum
króna við upphaf
ársins 2017 og jukust
þær um 16% milli ára.

Lykiltölur

– váttryggingafélaga

Allar upphæðir í ISK. Heimild: Ársreikningar váttryggingafélaganna

IÐGJÖLD ÁRSINS	TM	Sjóvá	VÍS	Vörður
Eignatryggingar	2.953.703	3.340.824	4.034.572	1.281.251
Skipa-, farm- og flugtryggingar	2.350.124	627.862	477.657	234.920
Ökutækjatrýggingar	6.506.974	8.075.850	8.533.196	4.134.312
Ábyrgðartryggingar	808.446	947.720	987.161	271.047
Slysatryggingar	1.661.551	1.452.770	2.062.436	579.256
SAMTALS	14.280.798	14.445.026	16.095.022	6.500.786

EIGIÐ TJÓN	TM	Sjóvá	VÍS	Vörður
Eignatryggingar	1.806.423	1.869.868	3.155.947	819.561
Skipa-, farm- og flugtryggingar	1.384.846	238.559	202.068	89.159
Ökutækjatrýggingar	5.022.613	6.548.207	7.665.653	3.806.881
Ábyrgðartryggingar	376.573	906.467	1.302.188	192.325
Slysatryggingar	2.055.838	1.294.116	1.611.642	301.313
SAMTALS	10.646.293	10.857.217	13.937.498	5.209.239

HAGNAÐUR & EIGNIR	TM	Sjóvá	VÍS	Vörður
Hagnaður af fjármálarekstri	2.049.993	3.434.453	1.145.213	853.752
Heildareignir	32.349.970	43.303.244	46.323.020	12.435.782



Traust staða á tryggingamarkaði

Váttryggingafyrirtæki gegna ekki eingöngu lykilhlutverki á fjármálamarkaði þegar kemur að því að dreifa áhættu í hagkerfinu. Þau eru einnig mikilvægt tannhjól í gangverki efnahagslífsins þegar kemur að fjárfestingum og því að halda uppi virkni á verðbréfamörkuðum. Heildareignir váttryggingafélaganna fjögurra – Sjóvá, TM, Varðar og VÍS – námu um 134 milljörðum króna við upphaf ársins 2017 og jukust þær um 16% milli ára. Aftur á móti var samdráttur á hagnaði þessara fyrirtækja af fjármálarekstri í takti við árferðið á verðbréfamörkuð-

um. Samanlagður hagnaður af þeirri starfsemi nam 7,5 milljörðum árið 2016 en var 8,7 milljarðar árið 2015.

Stærsti einstaki tjónaliðurinn í rekstri tryggingafélaganna er vegna ökutækjatriygginga en á liðnum árum hefur um helmingur alls tjóns verið vegna umferðaróhappa. Í fyrra nam heildartjón vegna þeirra um 23 milljörðum króna og jókst það um 13% frá því á árinu á undan. Iðgjöld vegna ökutækjatriygginga námu 27 milljörðum og hækkuðu um 18% frá árinu 2015. Næststærsti tjónaflokkurinn


er vegna eignatrygginga en alls nam tjón vegna þeirra 7,6 milljörðum í fyrra en nam hækkunin milli ára 8%. Heildar-iðgjöld vegna eignatrygginga námu 11,6 milljörðum króna.

Heildartjón ársins hjá tryggingafélögunum árið 2016 námu 40,6 milljörðum króna árið 2016 og jukust tjónin um 11% á milli ára en heildartjón tryggingafélaganna námu 37 milljörðum árið 2015. Alls námu iðgjöld vátryggingafélaganna 51 milljarði í fyrra og hækkuðu þau um 16% milli ára.

Tjón og iðgjöld vegna ökutækja

– frá 2009

Heimildir: FME



Stærsti einstaki tjónaliðurinn í rekstri tryggingafélaganna er vegna ökutækjatriygginga en á liðnum árum hefur um helmingur alls tjóns verið vegna umferðaróhappa.

Þá hafa SFF og SAF átt með sér samstarf um ýmis önnur sameiginleg hagsmunamál, til að mynda hvaða kröfur eru gerðar til þeirra erlendu ökumanna sem leigja sér bílaleigubíl hér á landi.

Náið samstarf við

Samtök ferðaþjónustunnar

Sökum þess hve ökutækjategyggingar vega þungt í rekstri váttryggingafélanna hafa SFF átt í nánun samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar á árinu. Fletirnir á þessu samstarfi eru fyrst og fremst til komnir vegna þess að stórfjölgun ferðamanna hefur eðli málsins samkvæmt aukið álag á vegakerfið en fjárfesting í því og uppbygging þess hefur jafnframt setið á hakanum undanfarin ár. Það síðastnefnda hefur til að mynda leitt til þess að framrúðutjónum hefur fjölgað verulega á undanförunum árum.

SFF og SAF stóðu að sameiginlegri ráðstefnu á árinu um ástand vegakerfisins, umferðaröryggi og samfélagslega ábyrgð. Tilgangur fundarins var að efla umræðu um mikilvægi fjárfestingar í innviðum vegakerfisins til að tryggja umferðaröryggi á tímum vaxandi umferðarþunga meðal annars vegna fjölgunar ferðamanna hér á landi.

Þá hafa SFF og SAF átt með sér samstarf um ýmis önnur sameiginleg

hagsmunamál, til að mynda hvaða kröfur eru gerðar til þeirra erlendu ökumanna sem leigja sér bílaleigubíl hér á landi með hliðsjón af reglum sem gilda um slíkt í nágrennaríkjunum.

Aukið alþjóðastarf

á sviði váttryggingamála

Á árinu lögðu SFF áherslu á að efla alþjóðastarf á sviði váttryggingamála. Þetta hefur meðal annars falist í því að skrifstofan hefur sótt sér upplýsingar hjá Insurance Europe og systurfélögum SFF á Norðurlöndum í leit að fyrirmyndum um hvernig er staðið að samstarfi um gerð tölfræðigagna, hvaða leiðir eru færar þegar kemur að baráttunni gegn váttryggingasvikum og hvaða fyrirkomulag er á framkvæmd örorkumats í Evrópuríkjum.

Tjónasögugrunnur

gegn váttryggingasvikum

Í haust veitti Persónuvernd heimild til vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlegan tjónagrunn váttrygginga-



félaganna og var SFF veitt heimild til að koma fram fyrir hönd þeirra sem ábyrgðaraðili vinnslu slíkra upplýsinga. Gengið hefur verið til samninga við Creditinfo um að taka að sér að vera vinnsluaðili gagnanna.

Ljóst er að tjónasögugrunnurinn á eftir að reynast mikilvægt verkfæri þegar kemur að baráttunni gegn

vátryggingasvikum og hafa bæði vátryggingafélög og viðskiptavinir þeirra mikla hagsmuni af því að virkt eftirlit sé haft með réttmæti bótagreiðslna. Reynolds annarra ríkja sýnir líka að slíkir grunnar geta leitt til umtalsverðs sparnaðar enda draga þeir úr kostnaði vegna vátryggingasvika. ■

Upplýsingabyltingin felur ekki einungis í sér að fólk sé stöðugt nettengt og gangi um með snjalltæki sem eru til flestra hluta gagnleg.

Nýjasta fjármálatækni og vísindi

Aðdráttarafl þeirra tækifæra sem felast í samþættingu stafrænnar tækni og fjármálaþjónustu er svo mikið að hröðun svonefndrar fjár- og tryggingatækni (e. *Fintech, Insurtech*) stigmagnast með hverju árinu sem líður. Enginn sér fyrir endann á þeirri þróun.

Undanfarna áratugi hafa fjármálafyrirtæki verið í fararbroddi þegar kemur að því að nýta stafrænar tækninýjungar til þess að þróa nýjar fjármálaafurðir og stuðla jafnframt að aukinni hagkvæmni í rekstri. Á þessu hefur engin breyting orðið undanfarna áratugi og að einhverju leyti hefur verið um línulega þróun að ræða: Fjár-

málafyrirtæki tileinkuðu sér snemma tölvutækni til að halda utan um flókin rekstur og mikið gagnahald; netbankar og önnur þjónusta litu dagsins ljós samhliða því að nettengingar urðu almennar og sambærileg þróun varð með tilkomu snjallsímanna.

Á meðan á þessu hefur staðið hefur svokölluð fjármála- og tryggingatækni rutt sér til rúms. Upplýsingabyltingin felur ekki einungis í sér að fólk sé stöðugt nettengt og gangi um með snjalltæki sem eru til flestra hluta gagnleg. Um er að ræða byltingu sem felur í sér straumhvörf í gagnasöfnun og gagnagreiningu

samhliða umbyltingu á viðskiptasambandi einstaklinga og fyrirtækja og neytendamynstri. Við þetta bætist svo hröð þróun gervigreindar, lífauðkenninga og dulkóðunartækni.

Sé afar einföld mynd dregin upp má segja að þetta sé kjarninn í fjártækni og á undanförunum árum hefur ný tegund fyrirtækja stigið fram: fjártæknifyrirtæki. Þetta eru nýsköpunarfyrirtæki sem notfæra sér ákveðna þætti þessarar tæknibyltingar til þess að komast inn um glufurnar á fjár-

málamörkuðum og veita þjónustu með öðrum hætti en áður hefur þekkt.

Þessi þróun hefur verið hröð og telja margir sérfræðingar einsýnt að hún muni leiða til umbyltingar á umhverfi fjármálaþjónustu, rafrænna viðskipta og greiðslumiðlunar. Telja margir einsýnt að lokaáhlaupið í þeirri byltingu hefjist þegar stórfyrirtæki á borð við Apple, Amazon og Facebook leggi lóð sín á vogarskálarnar.


Sem fyrr segir er hér varpað fram einfaldri mynd sem er þó ansi algeng



Telja margir einsýnt að lokaáhlaupið í þeirri byltingu hefjist þegar stórfyrirtæki á borð við Apple, Amazon og Facebook leggi lóð sín á vogarskálarnar.

Áhrif fjártækninnar á fjármálageirann

– Á hvaða þætti fjármálageirans mun fjármálatækni hafa mest áhrif á næstu fimm árum?




Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

sýn þegar kemur að almennri umfjöllun um þessi mál. Stef myndarinnar er að fjármálafyrirtæki og vátryggingafyrirtæki séu í raun sofandi risar og átti sig ekki á að nýsköpunarfyrirtæki séu í óða önn að setja fram lausnir sem muni ógna tekjulíkönum þeirra með alvarlegum hætti. Hið rétta er að hefðbundin fjármálafyrirtæki eru vel með á nótunum og hafa unnið sjálf að framþróun fjármálatækni – annað hvort upp á eigin spýtur eða í nánú samstarfi við nýsköpunarfyrirtæki á þessu sviði.

Stef myndarinnar er að fjármálafyrirtæki og vátryggingafyrirtæki séu í raun sofandi risar og átti sig ekki á að nýsköpunarfyrirtæki séu í óða önn að setja fram lausnir sem muni ógna tekjulíkönum þeirra með alvarlegum hætti.

Fjárusli

– Hvers konar fyrirtæki munu valda mestu umróti á fjármálamörkuðum næstu fimm árin?



Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

Eigi að síður virðast menn vera sammála um að miklar breytingar séu framundan. Í alþjóðlegri könnun sem ráðgjafarfyrtækið PwC gerði í ár á afstöðu stjórnenda fjármálafyrirtækja til fjármálatækni kemur fram að mikill meirihluti telur að hún muni leiða til mikilla umbreytinga þegar fram í sækir. Þannig telur yfirgnæfandi meirihluti stjórnenda fjármálafyrirtækja að fjármálatæknin muni hafa mikil áhrif á viðskiptabankastarfsemi og greiðslumiðlun á næstu fimm árum.


Flestir telja jafnframt að nýsköpunarfyrirtæki, upplýsingatæknifyrirtæki, netverslanir og samfélagsmiðlar séu líklegust til að valda mestu umróti og höggva með því skarð í rekstrarlíkön þeirra sem fyrir eru á fleti.

Sókn fjártæknifyrirtækja verður á flestum sviðum á næstu árum að mati stjórnenda evrópskra fjármálafyrirtækja. Könnun PwC sýnir að þau telja að þau muni gera sig gildandi í greiðslumiðlun, einstaklingslánum, ráðgjöf, einkabankaþjónustu og trygging-

Þannig telur yfirgnæfandi meirihluti stjórnenda fjármálafyrirtækja að fjármálatæknin muni hafa mikil áhrif á viðskiptabankastarfsemi og greiðslumiðlun á næstu fimm árum.

Fjártækni einstakra þjónustubátta


– Í hvers konar fjármálaþjónustu gera fjártæknifyrirtæki sig mest gildandi á næstu 5 árum?



Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

Vöxtur einstakra þjónustubátta

– Í hvernig bankaþjónustu verður mestur vöxtur næstu fimm árin?




Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.



Tæknifjárfestingar fjármálafyrirtækja

– Í hvernig tækni mun fyrirtækið helst fjárfesta á næstu tólf mánuðum?



Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

um. En það þarf vart að koma neinum á óvart að stjórnendurnir telja mesta vöxtinn í bankaþjónustu til einstaklinga verða gegnum snjalltæki og í netbönkum. Þó vekur athygli að 64% þeirra telja að mestur vöxtur muni verða í bankastarfsemi gegnum samfélagsmiðla.

Í ljósi þess að stjórnendur evrópskra fjármálafyrirtækja telja samkeppnina koma úr þessum áttum er áhugavert að skoða í hvaða tækni þeir hyggjast fjárfesta á næstu 12 mánuðum. Hátt í 80% aðspurðra stefna að því að fjárfesta í gagnagreiningu en tækni sem tengist henni og svokallaðri gagnagnótt (e. *Big Data*) er


nú þegar fyrirferðarmikil í tengslum við viðskiptalíkön samfélagsmiðla og netverslun. Eins og könnunin gefur til kynna eru þó væntingar um að áhrifin verði síst minni í fjármálageiranum. Um helmingur hyggst fjárfesta í snjalltækjalausnum og þarf það vart að koma á óvart. Athygli vekur að aðeins fimmtungur stefnir á að fjárfesta í bálkakeðjutækni (e. *blockchain*) á næstu tólf mánuðum. Þrátt fyrir að flestir búist við að sú tækni muni leiða til djúpstæðra breytinga á öllu viðskiptaumhverfi eru skiptar skoðanir um hversu langur tími muni líða áður en að það raungerist.

Þó vekur athygli að 64% þeirra telja að mestur vöxtur muni verða í bankastarfsemi gegnum samfélagsmiðla.

Rauði þráðurinn þar er að við miklum breytingum megi búast og að þær muni styrkja þjónustuúrvalið neytendum til hagsbóta.

Fjártækni og bankamarkaður

– Á hvaða sviðum mun áhrifa fjártækni á bankamarkaði gæta helst á næstu fimm árum?



Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

Hvar verða umbreytingarnar mestar?


Í könnun PwC er skyggst inn í einstaka hætti fjármálamarkaða og væntingar þeirra sem starfa á bankamarkaði, í váttryggingum og á verðbréfa-markaði kannaðar sérstaklega. Rauði þráðurinn þar er að við miklum breytingum megi búast og að þær muni styrkja þjónustuúrvalið neytendum til hagsbóta. Þannig telur meirihluti aðspurðra að fjártæknin muni gera að verkum að þeim stafrænu lausnum sem bönkum stendur til boða fjölgi og að sama skapi geri það þeim kleift að ná til nýrra viðskiptahópa. Tæpur helmingur telur að það muni leiða til betri

yfirsýnar einstaklinga yfir eigin fjármál. Færri – eða um 38% – telja að fjártækni og gagnagnótt leiði til þess að mat banka á lánsþæfi einstaklinga breytist og að tekin verði upp ný viðmið á næstu fimm árum. Þá telja um 44% aðspurðra að samkeppni vegna svokallaðra jafningjalána muni harðna þegar fram í sækir.

Miklar væntingar eru meðal stjórnenda evrópskra tryggingafélaga um að tryggingatæknin muni auðvelda þeim að verðleggja áhættu vegna starfseminnar og hjálpi þeim að sama skapi við að þjónusta viðskiptavinum með

Fjártækni og tryggingamarkaður

– Á hvaða sviðum mun áhrifa fjártækni á tryggingamarkaði gæta helst á næstu fimm árum?




Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.

markvissari þætti. Einnig telur þriðjungur þeirra að tryggingatækni muni leiða til hagræðingar í rekstri en samkeppnin aukist hins vegar ekki síð vegna aukinnar þjónustu sem gerir viðskiptavinum auðveldara að bera saman verð og fá tilboð í tryggingar með skilvirkari hætti en áður. Rúmlega fjórðungur telur að tækninýjungar á borð við sjálfkeyrandi bíla muni hafa umtalsverð áhrif á rekstrarumhverfið næstu fimm árin.

Þegar kemur að verðbréfamarkaði telja tæplega 60% að sú eðlisbreyting verði á sambandi fyrirtækis og viðskiptavinar að áherslan færir frá tæknivæddum mannlegum viðskiptum yfir í stafræna upplifun með mannlegu ívafi. Þá telur ríflega helmingur aðspurðra að fjártækni muni styrkja þróun á rannsóknar- og greiningartækjum til að bæta ákvarðanir um fjárfestingar og auðvelda fyrirtækjum að ná til nýrra markhópa.

Fjártækni og verðbréfamarkaður

– Á hvaða sviðum mun áhrifa fjártækni á verðbréfamarkaði gæta helst á næstu fimm árum?



Heimild: PwC Global Fintech Survey 2017.


Náttrollin hvergi sjáanleg

Þessi könnun sýnir svo ekki verður um villst að fjármálafyrirtæki eru fjarri því að líkjast steinrunnum náttrollum við dögum fjártæknibyltingarinnar. Staðreynd málsins er reyndar sú að hefðbundin fjármálafyrirtæki hafa alla tíð verið í fararbroddi þegar kemur að því að nýta sér tækninýjungar til þess að þróa vöruframboð, bæta þjónustu og auka hagkvæmni í rekstri.

Þrátt fyrir að fjártæknifyrirtæki hafi í fyrstu dregið vagninn þegar kemur að því að nýta tækni á borð við bálkakeðjur (e. *blockchain*) og aðra umbreytinga-


tækni til að svara kalli um aðgengilegri og hraðari þjónustu frá hinni stafrænu kynslóð er fjarri því að hefðbundin fjármálafyrirtæki hafi ekki sinnt þessum málum. Þau hafa fjárfest skipulega í fjár- og tryggingatækni en samtals nemur fjárfesting í þessum geira um 100 milljörðum Bandaríkjadala á undanförunum árum. Með þessari fjárfestingu eru fjármálafyrirtæki að búa sig undir það að sitja ekki ein að því að sinna grundvallarhlutverki fjármálamarkaða: að sinna miðlunarhlutverki í hagkerfinu, umbreyta sparnaði í fjárfestingu og dreifa áhættu.

Þau hafa fjárfest skipulega í fjár- og tryggingatækni en samtals nemur fjárfesting í þessum geira um 100 milljörðum Bandaríkjadala á undanförunum árum.



Meðal evrópskra banka hefur verið lögð mikil áhersla á samstarf við fjártæknifyrirtæki og hafa Evrópsku bankasamtökin (EBF) lagt mikla áherslu á að fjármálafyrirtæki og fjártæknifyrirtæki eigi ríka samleið. EBF telja líklegt að framþróun fjármálataekninnar muni auka samkeppni á fjármálamarkaði. Sú þróun sé nú þegar hafin og hafi samkeppni úr nýjum áttum hvatt banka til þess að þróa nýjar lausnir innanhúss til að mæta þeirri samkeppni. Þrátt fyrir að EBF segi að margt mæli með því að bankar haldi áfram að nýta eigin upplýsingatækni-

kerfi í þessari samkeppni hafa skapast mikil tækifæri til hagræðingar í þágu fjármálafyrirtækja og efnahagslífsins í heild þegar kemur að samstarfi banka og nýrra fjármálataeknifyrirtækja. Nýsköpunarfyrirtæki á sviði fjármálataekni kunna að búa yfir lausnum sem bankar geta nýtt sér og bankar geta veitt fyrrnefndu fyrirtækjunum ómetanlega reynslu og þekkingu þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum, áhættustýringu og svo framvegis. EBF telja því líklegt á því að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálataeknifyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra.



Framþróun fjármálataekni er tilkomin vegna þess að neytendur um heim allan kjósa í vaxandi mæli að nýta stafræna tækni til viðskipta og kröfur þeirra aukast með hverjum degi sem líður.

Áherslur Evrópsku bankasamtakanna

Framkvæmdastjórn ESB óskaði eftir álitum hagsmunaaðila á málefnum sem tengjast fjármálataekni og hvernig hún geti leitt til meiri samkeppni og nýsköpunar á hinum evrópska fjármálamarkaði. Í júní skiluðu EBF svörum sínum til framkvæmdastjórnarinnar. Helstu áherslur samtakanna eru farnar:

- **Rétt skilgreining á fjármálataekni**
EBF hvetja til þess að réttur skilningur verði lagður í hugtakið fjármálataekni. Það nái yfir fjármál og tækni auk þess að vísa til þess hvernig sé verið að beita nýrri tækni í fjármálaþjónustu. Hins vegar kvarta EBF yfir því að umræðan um fjármálataekni snúist fyrst og fremst um nýsköpunarfyrirtæki og stórfyrirtæki sem nýta sér nýja tækni til þess að keppa við hefðbundin fjármálafyrirtæki. Staðreynd málsins sé hins vegar sú að bankar standa framarlega í flokki þegar kemur að beitingu nýrrar tækni við að

auka nýsköpun í veitingu fjármálaþjónustu. Þar af leiðandi leggja EBF mikla áherslu á að reglusmiðir líti fyrst og fremst til þess vöruframboðs sem sprettur af framþróun fjármálataekni í stað þess að horfa á virðisdeðjuna og mögulegar breytingar á henni vegna innkomu nýrra aðila.

- **Neytendavernd**

Framþróun fjármálataekni er tilkomin vegna þess að neytendur um heim allan kjósa í vaxandi mæli að nýta stafræna tækni til viðskipta og kröfur þeirra aukast með hverjum degi sem líður. Bankar og aðrir þeir sem veita fjármálaþjónustu hafa brugðist við þessu með því að nota nýja tækni s.s. aðgengileg forritunarskil (e. Open API), bálkakeðjur (e. blockchain) og gervigreindarráðgjöf (e. robo-advice) til að koma til móts við þarfir viðskiptavina. EBF telur brýnt að neytendavernd sé tryggð með öllum úrræðum á tímum þessara öru



breytinga. Tryggja þarf að allir sem veita fjármálaþjónustu búi við sömu kvaðir þegar kemur að neytendavernd og gagnaöryggi og það sama gildir um varðveitingu fjármálastöðugleika.

- **Allir sitji við sama borð**

EBF leggja mikla áherslu á að allir þeir sem keppa á grundvelli lausna fjármálatækninnar búi við sama regluverk og sama eftirlit. Regluverkið verður að tryggja að aðgangshindranir verði lágar en að sama skapi verða þær að gera þeim sem fyrir eru á fleti mögulegt að halda áfram að þróa sínar lausnir og sinna nýsköpun. EBF brýna fyrir framkvæmdastjórninni að hafa eftirfarandi reglu í hávegum: Sama þjónusta, sama áhætta, sömu reglur og sama eftirlit.

- **Samstarf og samkeppni**

EBF telja líklegt að framþróun fjármálatækninnar muni auka samkeppni

á fjármálamarkaði. Sú þróun sé nú þegar hafin og samkeppni frá nýjum aðilum hafi hvatt banka til þess að þróa nýjar lausnir innanhúss til að mæta samkeppni úr öðrum áttum. Þrátt fyrir að EBF segi að margt mæli með því að bankar haldi áfram að nýta eigin upplýsingatæknikerfi í þessari samkeppni hafi skapast mikil tækifæri til hagræðingar í þágu fjármála fyrirtækja og efnahagslífsins í heild þegar kemur að samstarfi banka og nýrra fjármálatæknifyrirtækja. Nýsköpunarfyrirtæki á sviði fjármálatækni kunna að búa yfir lausnum sem bankar geta nýtt sér og bankar geta veitt fyrrnefndu fyrirtækjunum ómetanlega reynslu og þekkingu þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum, áhættustýringu og svo framvegis. EBF telja því líkur á að allra hagur felist í samstarfi banka við fjármálatæknifyrirtæki frekar en harðri samkeppni þeirra á milli.

Regluverkið verður að tryggja að aðgangshindranir verði lágar en að sama skapi verða þær að gera þeim sem fyrir eru á fleti mögulegt að halda áfram að þróa sínar lausnir og sinna nýsköpun.

42 —

SFR

**Ein veigamesta
breytingin
sem innleiðing
tilskipunarinnar
hefur í för með sér
er að hún opnar
fyrir aðgengi
fyrirtækja að
innlánsreikningum
viðskiptavina
fjármálafyrirtækja.**

**Sameiginlegur markaður
fyrir greiðsluþjónustu**

Þrátt fyrir að hefðbundin fjármálafyrirtæki og fjártækniyrirtæki komi að einhverju leyti til með að eiga samleið og mikið hafi verið um fjárfestingar þeirra fyrrnefndu í þeim síðarnefndu liggur fyrir að stakkaskipti verða á samkeppnisumhverfi fjármálamarkaða á næstu árum. Tvennt ræður þar mestu: tækninýjungar eru að ryðja burt hinum miklu aðgangshindrunum sem til þessa hafa staðið í vegi fyrir að ný fyrirtæki hasli sér völl á sviði fjármálaþjónustu og á sama tíma mun innleiðing nýrrar greiðsluþjónustutilskipunar Evrópusambandsins (PSD II) valda straumhvörfum í þessum efnum.

PSD II-tilskipunin skapar sameiginlegan markað fyrir greiðsluþjónustu í Evrópu og leiðarljós tilskipunarinnar er að auka samkeppni og tryggja nýsköpun á þessu sviði. Ein veigamesta breytingin sem innleiðing tilskipunarinnar hefur í för með sér er að hún opnar fyrir aðgengi fyrirtækja að innlánsreikningum viðskiptavina fjármálafyrirtækja. Þetta þýðir að

viðskiptabankar verða að veita öðrum fyrirtækjum óhindrað aðgengi að reikningum viðskiptavina sem veita til þess heimild. Á sama tíma felur tilskipunin í sér að viðskiptabankinn getur ekki innheimt viðbótargjald, hvorki af viðkomandi fyrirtækjum né af viðskiptavininum. Þetta aðgengi verður jafnframt staðlað þannig að nánast öll fyrirtæki sem eigandi innlánsreiknings veitir heimild fyrir geta fengið aðgang án mikillar fyrirhafnar eða þröskulda.

Þau fyrirtæki sem geta fengið þessa heimild skiptast í tvo flokka. Í þeim fyrri er greiðsluvirkjandi (e. *Payment Initiation Service Provider*) sem má með samþykki viðskiptavinar greiða beint af innlánareikningum hans á annan reikning og í þeim síðari er upplýsingaþjónustuveitandi sem má með samþykki viðskiptavinar safna saman fjárhagsupplýsingum hans í bankakerfinu.

Alþjóðleg samkeppni á Íslandi

Ljóst er að þessi breyting felur í sér miklar áskoranir fyrir fjármálafyrirtæki á borð við innlánastofnanir sem

þurfa að takast á við miklar breytingar á tekjuhlið starfseminnar því samhliða framþróun fjártækninnar opnar þetta leiðina fyrir önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki til að veita fjármálaþjónustu sem byggir á innlánnum. Þetta á við um hinn sameiginlega evrópska markað þar sem greiðsluvirkjandi og upplýsingaþjónustuveitandi þurfa aðeins að fá starfsheimild frá fjármálaeftirliti eins ríkis innan EES til þess að veita þjónustu hvar sem er á svæðinu. Það þýðir með öðrum orðum að íslenskt fyrirtæki getur selt þjónustu sína hvar sem er á hinum sameiginlega markaði og sama máli gegnir um önnur fyrirtæki. Því má leiða að því líkur hvað þennan þátt fjármálaþjónustu varðar að samkeppni frá erlendum fyrirtækjum muni aukast á íslenskum fjármálamarkaði.¹

Hugbúnaðarframleiðandinn Sopra Banking telur þannig að tekjur evrópskra viðskiptabanka muni að öllu óbreyttu dragast saman um fjórðung á næstu árum vegna breytinganna.

Aðrir sérfræðingar eru bjartsýnni fyrir hönd bankanna og sjá sóknarfæri í breytingunum. Þannig telur ráðgjafarfyrirtækið McKinsey að bankar sem bregðast rétt við breyttum aðstæðum geti sótt fram og aukið tekjur sínar af viðskiptastarfsemi um 10% á meðan tekjur þeirra sem sofa á verðinum geti minnkað um allt að 35%.²

Ólíkar spár Sopra og McKinsey gefa vísbendingu um þá miklu gerjun sem er framundan. Í þessum efnum er íslenska fjármálakerfið ekki eyland og búast má við breyttu landslagi á íslenskum fjármálamarkaði innan fárra ára. Rétt eins og annars staðar hafa íslensk fjármálafyrirtæki verið að undirbúa sig fyrir breytta tíma.

Fjármálafyrirtæki hafa búið sig undir aukna samkeppni með því annars vegar að hagræða og hins vegar fjárfesta í upplýsinga- og fjártækni. Þetta helst í hendur þar sem hið síðarnefnda stuðlar að auknu hagræði í rekstri fjármálafyrirtækja.

Þannig telur ráðgjafarfyrirtækið McKinsey að bankar sem bregðast rétt við breyttum aðstæðum geti sótt fram og aukið tekjur sínar af viðskiptastarfsemi um 10% á meðan tekjur þeirra sem sofa á verðinum geti minnkað um allt að 35%.

¹ Ísland – Ekki lengur eyland á fjármálamarkaði: Friðrik Þór Snorrason; Visbending 31. ágúst 2017.


² Bankar breytast: Birna Einarsdóttir. Visbending 6. júlí 2017.

Þróun netbanka og snjalltækja hefur gert að verkum að þörf fjármálafyrirtækja fyrir víðtækt útibúanet hefur minnkað.

Reiðufé í umferð í nokkrum löndum 2015

— sem hlutfall af VLF


Heimildir: Seðlabanki Íslands



Starfsmannafjöldi útibúa

— og fjöldi útibúa

Heimildir: FME



Brugðist við samkeppni úr nýjum áttum

Þróun netbanka og snjalltækja hefur gert að verkum að þörf fjármála-fyrirtækja fyrir víðtækt útibúanet hefur minnkað. Þannig hefur úti-búum íslenskra banka fækkað um helming undanfarinn áratug. Á sama tíma hafa bankaviðskipti einstaklinga færst í vaxandi mæli inn á netið og í snjalltæki gegnum lausnir sem fjár-málafyrirtækin eru sífellt að þróa. Endurspeglast þetta í þeirri staðreynd að notkun á reiðufé er með minnsta móti hér á landi samanborið við önnur vestræn ríki.

Sama þróun hefur átt sér stað á meginlandi Evrópu og á Bretlandseyjum þrátt fyrir að hún hafi ekki verið jafn hröð og hér á landi. Samkvæmt tölum EBF hefur útibúum evrópskra banka fækkað um tæp 50 þúsund frá árinu 2008 og eru um 190 þúsund í dag.

Mikil fjárfesting íslenskra banka og evrópskra í upplýsingatækni er til marks um að ekkert lát verði á þessari þróun. Viðskiptavinir fjármálafyrir-

tækja eru orðnir vanir því að geta sinnt flestum hversdagslegum viðvikum á borð við að greiða reikninga, millifæra og hafa greiðan aðgang að fjárhagsupp-lýsingum gegnum tölvu eða snjalltæki.

Að sama skapi eru kynslóðir að vaxa úr grasi sem þekkjá lítið annað en rafræn viðskipti og skilvirkni í þeim efnum og hafa vanist að eiga í sam-skriptum við fyrirtæki gegnum heima-síður, smáforrit og samfélagsmiðla. Íslensk fjármálafyrirtæki þurfa að vera reiðubúin að mæta kröfum þessara kynslóða.

Að því hefur verið unnið á undan-förnum árum bæði í formi samstarfs-verkefna og svo á samkeppnisgrund-velli.

Hagræði rafrænna undirskrifa

Ágætt dæmi um samstarfsverkefni sem kemur til með að skipta sköpum við að nýta upplýsingatækni til að ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu er verkefnið um rafræn skilríki. Rafræn skilríki eru eina rafræna auðkenningin sem hægt er að nýta til fullgildrar undirritunar. Þar af leiðandi býður

Samkvæmt tölum EBF hefur útibúum evrópskra banka fækkað um tæp 50 þúsund frá árinu 2008 og eru um 190 þúsund í dag.

**Samkvæmt mati
aðildarféлага SFF
gæti sparnaðurinn
numið að lágmarki
5.500 krónur á hvert
veðskuldabréf eða
sem nemur tæpum
300 milljónum á
ári hverju.**

almenn innleiðing þeirra upp á mikið hagræði fyrir fyrirtæki, stofnanir og almenning. Fyrirtæki geta nýtt sér rafræn skilríki í samskiptum sínum við hið opinbera með greiðum og skilvirkum hætti og á sama tíma bætt þjónustu sína við viðskiptavinum með auðveldum og milliliðalausum samskiptum. Að sama skapi geta almennir notendur auðkennt sig með öruggum hætti og skrifað rafrænt undir skjöl og skuldbindingar sem áður þurfti að staðfesta með persónulegri undirskrift. Viðskiptavinir geta með öðrum orðum afgreitt sig sjálfir að miklu eða öllu leyti í gegnum netið. Þeir geta m.a. undirritað skjöl og sótt upplýsingar rafrænt þegar þeim hentar óháð opnunartímum. Þetta leiðir til styttri og hraðari afgreiðslu mála. Rafræn skilríki voru forsenda þess að stjórnvöld gætu hafið innleiðingu á rafrænum þinglýsingum en fyrstu skrefin í þá átt verða tekin í byrjun næsta árs. Fyrir utan tímasparnað hlýst augljóst hagræði af rafrænum þinglýsingum.

Samkvæmt mati aðildarféлага SFF gæti sparnaðurinn numið að

lágmarki 5.500 krónur á hvert veðskuldabréf eða sem nemur tæpum 300 milljónum á ári hverju. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsdraga um breytingu á þinglýsingarlögum er ætlað að sýslumannsembættin muni spara 80 milljónir og auk þess er áætlað að afgreiðslutími mála styttest um þriðjung með innleiðingu rafrænna þinglýsinga. Fyrir liggur að tölvukerfi fjármála-fyrirtækja og annarra lánveitenda þurfa að geta tengst þinglýsingarkerfinu. Auk tenginga lánveitenda við þinglýsingarkerfið sjálft þurfa lánveitendur í ákveðnum tilvikum að geta átt rafræn samskipti í tengslum við þinglýsingar. Á það fyrst og fremst við í þeim tilfellum þegar þeir þurfa að veita veðleyfi sem geta verið nauðsynleg til að þinglýsa megi réttindum. Þess vegna var það mat SFF að nauðsynlegt væri fyrir lánveitendur að sameinast um útfærslu á tæknilegri lausn sem hefur þann tilgang að lánveitendur geti haft rafræn samskipti sín á milli þegar þess þarf.

Samstarf um lausnir og innviði

Samstarf á fjármálamarkaði um öpp og auðkenni¹

ÍSLAND: Hérlend fjármálafyrirtæki hafa, hvert fyrir sig, á undanförunum árum þróað ýmis smáforrit (öpp) sem gera viðskiptavinum þeirra kleift að sinna bankaviðskiptum og greiðslum með snjallsímum. Lausnir þessar eiga það flestar sameiginlegt að vera byggðar ofan á hefðbundin kortakerfi (debet-/kreditkort). Enn sem komið er hefur ekkert eitt smáforrit orðið ráðandi hér á landi, þ.e.a.s. miðlægt með virkni þvert á fjármálakerfið og útbreitt í notkun, líkt og víða þekktist, t.d. í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

DANMÖRK: SWIPP er smáforrit sem danskir bankar, að frátöldum Danske Bank, settu á laggirnar árið 2013. Með tilkomu þess var viðskiptavinum bankanna gert kleift að millifæra fjármuni milli bankareikninga með notkun snjallsíma. Frá árinu 2015 fóru notendur Swipp jafnframt að geta greitt fyrir vörur og þjónustu með appinu í ákveðnum verslunum. Í ársbyrjun 2017 var ákveðið að leggja Swipp niður og flytja tæknina að baki smáforritinu yfir í MobilePay-smáforritið. MobilePay er smáforrit (app) sem stærsti banki á Norðurlöndum, Danske Bank, kynnti til sögunnar árið 2013 en viðskiptavinir annarra banka geta einnig notað það. MobilePay þykir vel heppnað smáforrit og hefur náð mikilli útbreiðslu en árið 2016 notuðu rúmlega 3 milljónir Dana appið daglega. Danske Bank hefur áform um að MobilePay verði leiðandi smáforrit í Skandinavíu. Gangi þau eftir þykir sýnt að MobilePay muni keppa við alþjóðlega risa, s.s. Apple Pay, Google og Amazon.

NOREGUR: VIPPS er smáforrit sem stærsti banki Noregs, DNB ASA, tefldi fram árið 2015. Viðskiptavinir allra banka í Noregi geta notað Vipps til millifærslu fjármuna með notkun snjallsíma. Líkt og víða hefur þróunin verið sú í Noregi að gera neytendum í auknum mæli kleift að greiða fyrir vörur og þjónustu með notkun smáforrita. MobilePay (app þróað af Danske Bank, sjá hér að ofan) hefur jafnframt náð fótfestu í Noregi.

SVÍÞJÓÐ: SWISH er smáforrit (app) sem sænskir bankar áttu samstarf um að setja á laggirnar árið 2012 fyrir rafrænar greiðslur með notkun snjallsíma. Swish hefur náð gríðarlegri útbreiðslu í Svíþjóð en helmingur þjóðarinnar notar smáforritið, sem vann til verðlauna árið 2015. Verðlaunin veitti fyrirtækið inUSE en til þeirra var stofnað til að vekja athygli á sænskum lausnum sem auðvelda daglegt líf notenda og gera það skemmtilegra. Swish hlaut verðlaunin notendavænsta upplifunin. Sama ár var sögnin svíscha, sem vísar til SWISH-appsins, valin eitt af tíu áhugaverðustu nýyrðum ársins í Svíþjóð. Yngri kynslóðin þar í landi talar í dag almennt um að svíscha þegar greiðslum er miðlað með notkun appsins.

¹ Fjármálainnviðir 2017. Seðlabanki Íslands.

Samstarf um lausnir og innviði

Auðkenni

ÍSLAND: Auðkenni er félag í eigu fjármálafyrirtækja og fjarskiptafyrirtækisins Símans, ætlað til rafrænnar auðkenningar á netinu og sér meðal annars um rafrænu skilríkin sem eru eina rafræna auðkenningin sem hægt er að nýta til fullgildrar undirritunar.

DANMÖRK: NemID er lausn sem fram kom árið 2010, ætluð til rafrænnar auðkenningar á netinu. Lausnin er afrakstur samstarfs samtaka danskra fjármálafyrirtækja (DBA) og stjórnvalda (Digitaliseringsstyrelsen) og er henni stýrt af félagi í eigu Nets, Nets DanID A/S. NemID er einnig notað til auðkenningar við notkun smáforritanna (appanna) Swipp og MobilePay.

NOREGUR: BankID er lausn sem norsk fjármálafyrirtæki hófu samstarf um að þróa upp úr síðustu aldamótum til rafrænnar auðkenningar á netinu. Árið 2009 kom Mobile BankID fram, þ.e. lausn til rafrænnar auðkenningar með notkun farsíma. Félagið BankID Norway AS var formlega stofnað árið 2014.

SVÍÐJÓÐ: Við upphaf þessarar aldar stofnuðu stærstu bankar Svíþjóðar félagið Financial ID-Teknik BID AB sem hafði það að markmiði að þróa innviði til auðkenningar á netinu. Til varð lausnin BankID sem gerði viðskiptavinum flestra sænskra banka kleift að auðkenna sig við skráningu í heimabanka. Árið 2007 var félagið Financial ID Technology síðan stofnað en stærsti eigandi þess varð fljótlega sænski bankinn SEB. Leiddi það til samstarfs bankanna við fjarskiptafyrirtæki og til varð lausnin e-ID, ætluð til auðkenningar og undirritunar með notkun snjallsíma.



Bankar á Norðurlöndum hafa átt í ríkara samstarfi vegna þessara mála en tíðkast hefur fram til þessa hér á landi. Samþjöppun á bankamarkaði útskýrir ekki af hverju norrænir bankar eiga með sér meira samstarf en íslenskir þegar kemur að þeim þáttum upplýsingatækni og fjártækni sem flokkast geta undir grunninnviði fjármála-markaða. Markaðshlutdeild þriggja stærstu viðskiptabankanna hér á landi er sambærileg við það sem þekktist í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og sambærileg við það sem þekktist í öðrum Evrópuríkjum.

Eins og fram kemur í yfirlitinu yfir samstarf norrænna banka sameinuð-

ust bankarnir loks um að nota eina lausn – MobilePay – þegar kemur að farsímagreiðslum. Segja má að fjártækni og PSD II hafi verið hvati þess að Danske Bank og Nordea slíðruðu sverðin og sameinuðust um eina lausn. Eins og fram kemur í nýlegri grein Friðriks Þórs Snorrasonar, forstjóra Reiknistofu bankanna, stóðu bankarnir frammi fyrir því að berjast sín á milli um danska neytendur næstu tvö árin eða hefja samvinnu til að undirbúa sig fyrir aukna samkeppni frá tæknirísum á borð við Apple, Google og Amazon.

Innleiðing PSD II varð einnig hvati til að norskir bankar snéru saman bökum og sameinuðust um eina farsíma-

Markaðshlutdeild þriggja stærstu viðskiptabankanna hér á landi er sambærileg við það sem þekktist í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og sambærileg við það sem þekktist í öðrum Evrópuríkjum.



Talið er að evrópskir bankar muni verja um 50 milljörðum dala í nýja fjárfestingu í upplýsingatækni til að laga sig að samkeppni úr nýjum áttum.

lausn en fyrr á þessu ári var ákveðið að þeir myndu styðjast við Vipps-lausn sem hafði verið þróuð af DnB. Þetta var útfært á þá leið að stofnað var sérstakt fyrirtæki utan um lausnina og er það í sameiginlegri eign bankanna.

Einnig er hægt að finna dæmi um samstarf evrópskra banka þvert á landamæri í þessum efnum. Hollensk-

ir og belgískir bankar standa þannig saman að þróun farsímagreiðslulausnar.¹ Hér á landi hafa aðildarfélög SFF hvert fyrir sig þróað smáforrit sem gera viðskiptavinum þeirra kleift að sinna bankaviðskiptum og greiðslum með snjallsímum. Enn sem komið er hefur ekkert eitt smáforrit orðið ráðandi hér á landi líkt og í nágrannalöndunum.

Miklar fjárfestingar framundan

Auk samstarfs stefna evrópskir bankar að því að ráðast í miklar fjárfestingar til þess að mæta nýrri samkeppni. Talið er að evrópskir bankar muni verja um 50 milljörðum dala í nýja fjárfestingu í upplýsingatækni til að laga sig að samkeppni úr nýjum áttum. Vísendingar eru um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins geri sér grein fyrir að fjártækni muni umbreyta hinum sameiginlega markaði og að nauðsynlegt sé að gera bönkum kleift að nýta sér þau tækifæri sem hún kemur til með að skapa, t.d. þegar kemur að auknu aðgengi fólks að fjár-

¹ Aukin samvinna fjármálafyrirtækja: Friðrik Þór Snorrason. Vísending 5. október 2017.

málaþjónustu þvert á landamæri. Það kann að vera nauðsynleg forsenda þess að markmið bandalags ESB um sameiginlegan verðbréfamarkað (*Capital Markets Union*) náist.

Þannig hefur framkvæmdastjórnin tekið til skoðunar breytingar á reglum í þá veru að kaup fjármálafyrirtækja á hugbúnaði verði skilgreind sem fjárfesting fremur en rekstrarkostnaður. Um helmingur kostnaðar evrópskra banka vegna upplýsingatækni er til kominn vegna kaupa á hugbúnaði og slík breyting myndi leiða til þess að fjárbinding þeirra myndi minnka um 20 milljarða evra á ári hverju. Slík breyting myndi efla samkeppni á fjármálamarkaði enn frekar og gera fjármálafyrirtæki betur í stakk búin til að nýta möguleika fjármálatækninnar neytendum til hagsbóta.

Þá er einnig rætt um að endurskoða þurfi reglur um breytileg starfskjör. Engar takmarkanir eru á slíkum greiðslum hjá starfsmönnum fjártæknifyrirtækja á meðan strangar reglur gilda um slíkt hjá fjármálafyrirtækjum. ■



Bankabókabúðin Amazon auglýsir!

Samvæmt könnun sem ráðgjafarfirmi Accenture gerði árið 2016 meðal viðskiptavina banka og tryggingafélaga í átján löndum myndi þriðjungur þeirra ihuga að færa viðskipti sín til Google, Amazon eða Facebook ef þau byðu upp á fjármálaþjónustu á borð við innlánsreikninga eða tryggingar. Upplýsingatæknifyrirtæki Fujitsu gerði sambærilega könnun meðal evrópskra neytenda. Þar sagðist fjórðungur vera reiðubúinn að kaupa fjármálaþjónustu og tryggingar af þessum fyrirtækjum.

Það sem vekur sérstaka athygli við síðari könnunina er að 37% aðspurðra sögðu að þau myndu færa banka- og tryggingaviðskipti sín annað ef viðskiptabanki þeirra og tryggingafélag héldu ekki í við tækniþróun og stafrænar lausnir. Sérfræðingar segja að þessi könnun bendi því til að margir hafi meiri væntingar til tæknirisanna þegar kemur að nýjum lausnum og þjónustu á fjármálamarkaði en til hefðbundinna fjármálafyrirtækja. Einnig kemur fram í könnuninni að um helmingur aðspurðra er hlynntur því að viðskiptabanki þeirra og tryggingafélag greini gögn þeirra ef það gæti leitt til betri þjónustu og hagstæðari kjara.

En þrátt fyrir þetta er talið ólíklegt að fyrirtæki á borð við Amazon, Google og Facebook opni banka í bráð. Aðalástæðan fyrir því er að stofnun banka er gríðarlega flókið verkefni og eftirlitsbyrðin er gríðarleg. Líklegra er talið að þau muni bjóða upp á fjármálaþjónustu án þess að efna til formlegrar bankastarfsemi. Sú þróun er þegar hafin. Bæði Apple og Google bjóða upp á farsímagreiðslur og Amazon veitir seljendum í einhverjum mæli lán. Ljóst er að þessi þróun mun halda áfram enda bjóða breytingar eins og PSD II mun hafa í för með sér upp á að þessi fyrirtæki verði fyrirferðarmikil í fjármálaþjónustu með einum eða öðrum hætti.

Áskoranir og tækifæri á verðbréfamörkuðum

**Það er lykilatriði í
að viðhalda þeim
áhuga að tryggja að
verðbréfamarkaðurinn
starfi eftir
sambærilegu
regluverki og þekkist í
nágrannalöndunum.**

Heilbrigður og skilvirkur verðbréfamarkaður er ein af forsendum þess að nútíma efnahagslíf þrífist og dafni. SFF leggja mikla áherslu á styrkingu verðbréfamarkaðarins og að hann starfi eftir sömu umgjörð og evrópskir verðbréfamarkaðir. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að fjármagnshöft hafa verið afnumin og erlendir fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á íslenska verðbréfamarkaðnum á undanförunum árum. Það er lykilatriði í að viðhalda þeim áhuga að tryggja að verðbréfamarkaðurinn starfi eftir sambærilegu regluverki og þekkist í nágrannalöndunum.

Innleiðing MiFID II


Vinna við innleiðingu viðamikilla tilskipana og reglugerða um evrópska verðbréfamarkaðinn stendur nú yfir hér á landi. Í þessu samhengi skipta MiFID II-tilskipun ESB og MiFIR-reglugerðin mestu máli fyrir verðbréfafyrirtækin. Nokkur dráttur hefur verið á undirbúningi innleiðingarinnar en áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir að frumvarp byggt á tilskipuninni fái þinglega meðferð vorið 2019.

Tilskipuninni og reglugerðinni er ætlað að mynda samhæfða umgjörð um allar tegundir viðskipta með

Ávöxtunarkrafa skuldabréfa

– verðtryggðra og óverðtryggðra


Heimild: Samgöngustofa



Ávöxtunarkrafa skuldabréfa

– verðtryggðra og óverðtryggðra

Heimild: Samgöngustofa



Nokkur dráttur hefur verið á undirbúningi innleiðingarinnar en áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir að frumvarp byggt á tilskipuninni fái þinglega meðferð vorið 2019.

Gerð er krafa um
ítarlegri upplýsingar
en áður um
fjárfestingaráðgjöf.

fjármálagerninga með það að markmiði að auka fjárfestavernd og efla eftirlitsstofnanir sem meðal annars fá heimildir til að stöðva eða takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálaafurða undir ákveðnum kringumstæðum. Þá felur tilskipunin einnig í sér samræmt fyrirkomulag um heimildir fjármálafyrirtækja utan EES til að starfa á hinum sameiginlega markaði.

MiFID II felur einnig í sér munstrangari kröfur til fjármálafyrirtækja um að upplýsa viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstra. Þá telst það brot á reglunum um hagsmunaárekstra ef fjármálafyrirtæki greiðir eða fær greidda þóknun í tengslum við fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, nema greiðslan sé til þess fallin að auka gæði þjónustunnar og komi ekki í veg fyrir að fjármálafyrirtækið uppfylli þær skyldur sínar að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna. Gerð er krafa um ítarlegri upplýsingar en áður um fjárfestingaráðgjöf. Þá er einnig að finna

nýmæli um eignastýringu í tilskipuninni, þ.e. að þegar slík þjónusta er veitt skuli fjármálafyrirtæki ekki taka við eða halda eftir þóknun, umboðslaunum eða fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi. Þá er nýtt ákvæði sem skyldar fjármálafyrirtæki til að tryggja að þegar það veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingaþjónustu sé starfsmönnum ekki umbunað á neinn hátt eða frammistaða þeirra metin þannig að það stangist á við skylduna um að hafa hagsmuni viðskiptavinar ávallt að leiðarljósi. Þegar fjárfestingaþjónusta er í boði ásamt annarri þjónustu eða vöru eða sem hluti af pakka eða sem skilyrði fyrir sama samningi eða pakka, skal fjármálafyrirtækið upplýsa viðskiptavini um það hvort hægt sé að kaupa einstakar einingar (e. components) þess pakka sérstaklega og veita þá upplýsingar um kostnað og gjöld fyrir hverja einingu. Upplýsa skal sérstaklega um áhættuna sem fylgir kaupunum. Fjármálafyrirtæki skulu tryggja að þeir starfsmenn sem veita fjárfestingaráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga eða viðbótarþjónustu



til viðskiptavina búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni. Þá verður fjármálafyrirtækjum skylt, þegar þau afla upplýsinga við veitingu fjárfestingaráðgjafar eða sinna eignastýringu, að afla einnig upplýsinga um getu viðskiptavinarins til að bera tap og hvert áhættuþol hans er.

Skortsala og skuldatryggingar

Nú þegar hefur skortsölureglugerð ESB verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um skortsölu og skuldatryggingar nr. 55/2017. Þessar nýju reglur eru stór þáttur í endurskoðun ESB á umhverfi verðbréfiðskipta í kjölfar efnahagsáfallsins árið 2008.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að þegar svo háttar til myndist ekki áhætta í kerfinu sem leiði til þess að aðilar geti í stórum stíl ekki gert upp viðskipti.



Tilgangurinn með löggjöfinni er að samræma reglur um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga á EES-svæðinu. Með skortsölu er átt við sölu á fjármálagerningi þegar gerningurinn er ekki í eigu seljanda þegar hann gerir samning um sölu. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að þegar svo háttar til myndist ekki áhætta í kerfinu sem leiði til þess að aðilar geti í stórum stíl ekki gert upp viðskipti. Þeim er enn fremur ætlað að draga úr hættu á því

að skortsala geti við vissar aðstæður magnað hlutafjárlækkun fjármálastofnana sem eru á markaði og með því leitt til óstöðugleika og aukinnar kerfisáhættu.

Afleiðuviðskipti (EMIR)

Einnig má nefna að nú liggur fyrir hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu frumvarp til laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Frumvarpinu er ætlað

að innleiða EMIR-reglugerðina (European Market Infrastructure Regulation) og mun hin nýja löggjöf hafa víðtæk áhrif á verðbréfamarkaðinn hér á landi. Forsögu EMIR má rekja til fjármálakrísunnar árið 2008 þegar það kom bersýnilega í ljós að viðskipti með OTC-afleiður voru ekki nægilega gagnsæ. Um er að ræða samninga á milli einstakra aðila og upplýsingar um þá voru alla jafna aðeins aðgengilegar aðilum samnings. Í ljós kom að OTC-afleiður sköpuðu flókinn vef innbyrðis tengsla sem urðu til þess að erfitt var fyrir eftirlitsaðila að greina eðli og umfang þeirrar kerfisáhættu sem þeim fylgdu. EMIR reglugerðinni er ætlað að bregðast við þeirri áhættu sem er samfara viðskiptum með OTC-afleiður og auka gagnsæi þeirra viðskipta.

Gildissvið EMIR er svo vítt að það tekur bæði til aðila innan EES sem stunda afleiðuviðskipti og aðila utan EES sem eiga í afleiðuviðskiptum við mótaðila innan EES. Þá þarf að hafa í huga að reglugerðin tekur bæði til lögaðila og einstaklinga. Seðlabanki

Íslands verður þó undanskilinn samkvæmt frumvarpinu.

Reglugerðin leggur skyldur á aðila sem eiga í viðskiptum með OTC-afleiður að tilkynna skal um afleiðusamninga til afleiðuviðskiptaskrár. Þá ber að stöðustofna OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnunarskylduna hjá miðlægum mótaðila. Þá eru gerðar kröfur um áhættustýringu vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt. Í EMIR er einnig fjallað um starfsemi miðlæggra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa. Um er að ræða starfsemi sem þekkist ekki hér á landi og er ekki gert ráð fyrir að slíkir aðilar muni starfa héraðs í nánustu framtíð. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sér um veitingu starfsleyfa og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og FME og Seðlabanki Íslands sinna eftirlitsskyldum gagnvart þeim hér á landi.

Uppgjör verðbréfaviðskipta (CSDR)

Fyrirhugað er að reglugerð ESB nr. 9009/2014 um bætt verðbréfauppgjör

EMIR reglugerðinni er ætlað að bregðast við þeirri áhættu sem er samfara viðskiptum með OTC-afleiður og auka gagnsæi þeirra viðskipta.

**Samskipti milli
markaðsaðila verða á
stöðluðu rafrænu formi
í stað þess að fara fram
í tölvupósti eða jafnvel
munnlega.**

og verðbréfamiðstöðvar (CSDR) verði innleidd í lög hér á landi á næstunni.

Segja má að með reglugerðinni verði tímamót á sviði löggjafar um uppgjörferli verðbréfavíðskipta hér á landi. Reglugerðin kallar á meiri aga í vinnubrögðum, bæði hjá framlínu og hjá bakvinnslu fjármálafyrirtækja, sem verður mjög til bóta. Stóra breytingin er að nýja uppgjörleiðin samkvæmt CSDR verður stöðluð með rafrænum samskiptum og tryggir samræmi í vinnuaðferðum milli allra markaðsaðila, bæði héraðs og erlendis. Samskipti milli markaðsaðila verða á stöðluðu rafrænu formi í stað þess að fara fram í tölvupósti eða jafnvel munnlega. Öll viðskipti þurfa að fara í þörun. Þar á meðal þurfa allar hreyfingar án greiðslu að fara í þörun. Ekki verður lengur hægt að afhenda verðbréf einhliða og skilja eftir á flutningssvæði (hlutlausu svæðinu). Að mati SFF er það afar jákvætt að staðla og aga vinnubrögð í uppgjörferlinu að þessu leyti.

Reglugerðin gerir þá kröfu til kerfisins að uppgjör fari fram með af-

hendingu gegn greiðslu. Það er breyting frá því sem tíðkast í dag þar sem framkvæmdar eru aðskildar keyrslur hjá Seðlabankanum og verðbréfamiðstöð. Þá er samkvæmt reglugerðinni haldið skipulegar utan um uppgjörsbresti sem einnig er jákvætt.

Þá er vert að nefna að reglugerðin hefur áhrif á útgefendur fjármálagerninga að því leyti að lagðar eru á þá ákveðnar skyldur um skráningu á fjármálagerningum. Fjármálafyrirtæki þurfa að huga að sínum þætti í þjónustu við útgefendur og hvernig þeirra aðkoma er samkvæmt nýjum reglum.

Loks er rétt að nefna að kerfisbreytingar eru óhjákvæmilegar með tilkomu nýrrar verðbréfamiðstöðvar hér á landi sem nýlega hefur fengið starfsleyfi. Það mun auk þess kalla á að markaðsinnmiðlari komi til með að skipta máli. Þá er átt við að ef fjármálafyrirtæki er með bréf viðskiptavina á safnreikningi og viðskiptavinir eiga viðskipti sín á milli fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis þá þarf að tilkynna slíkar hreyfingar til FME þótt engin hreyfing sé í viðkomandi verðbréfaskráningu.



Verðbréfamarkaðurinn eftir fjármagnshöft

Afnám fjármagnshafta olli ákveðnum þáttaskilum á íslenska verðbréfa-
markaðnum og markaði viss tímamót
í endurreisn fjármálamarkaða eftir
efnahagskreppuna. Til þess að varpa
ljósi á tímamótin og bregða upp mynd
af þeim áskorunum sem framundan
voru stóðu SFF og Kauphöllin saman
fyrir morgunverðarfundum í mars. Þetta
var í annað sinn sem SFF og Kaup-
höllin stóðu sameiginlegafyrir slíkum
fundum.

Benedikt Jóhannesson, fjár-
mála- og efnahagsráðherra, ávarpaði
fundinn og gagnrýndi meðal annars
ákveðna þætti fjármálaeftirlits hér á
landi. Hann vísaði meðal annars til
reynslu sinnar sem stjórnarmanns í
váttryggingafélagi og sagði að skilvirkt
eftirlit fælist ekki í að starfsmenn fjár-
málafyrirtækja væru sífellt að fylla út
skýrslur til eftirlitsaðila sem svo engin
viðbrögð fengjust við.

Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq
Iceland, sagði að umgjörð verðbréfa-
markaðarins myndi ráða miklu um

**Afnám
fjármagnshafta
olli ákveðnum
þáttaskilum
á íslenska
verðbréfamarkaðnum
og markaði viss
tímamót í endurreisn
fjármálamarkaða eftir
efnahagskreppuna.**



Það myndi auka arðsemi sjóðanna án þess að auka áhættutöku þeirra og stuðla á sama tíma að skilvirkari verðmyndun á verðbréfamarkaðnum.

hvernig muni spilast úr þeim miklu tækifærum sem afnám gjaldeyrishaftanna fælu í sér. Því væri nauðsynlegt að umgjörðin væri með sama hætti og þekkist í Evrópu. Páll sagði að tímabært væri að veita lífeyrissjóðum heimildir til verðbréfalána í því samhengi. Það myndi auka arðsemi sjóðanna án þess að auka áhættutöku þeirra og stuðla á sama tíma að skilvirkari verðmyndun á verðbréfamarkaðnum.

Lífeyrissjóðir fengu ekki heimild til verðbréfalána

Benda má á að skortsölureglugerð um ESB var innleidd hér á landi án þess að lífeyrissjóðunum væri veitt heimild til verðbréfalána og er því um enn eitt dæmið að ræða um hvernig evrópskar reglur eru innleiddar hér á landi með séríslenskum útfærslum.

Sigurður Atli Jónsson, þáverandi forstjóri Kviku, flutti framsögu fyrir hönd SFF á fundinum og fór meðal

annars yfir úrbótatillögur sem verðbréfhópur samtakanna hefur lagt fram á undanförunum árum. Sigurður nefndi til að mynda að viðskiptakostnaður á verðbréfamarkaðnum væri umtalsvert hærrí en í nágrennalöndunum og hægt væri að ná honum niður meðal annars með endurskoðun á skattaumhverfi fjármálafyrirtækja. Sigurður sagði einnig að reglubyrðin væri í mörgum tilfellum meiri en í nágrennalöndunum. Hann sagði SFF leggja áherslu á að starfa eftir sömu lögum og reglum og önnur Evrópulönd en of mörg dæmi væru um að stjórnvöld hefðu ekki gætt meðalhófs við innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins um fjármálamarkaðinn. Fram undan væri innleiðing á viðamiklum tilskipunum um verðbréfamarkaðinn og því væri mikilvægt að stjórnvöld hefðu meðalhófið að leiðarljósi í þeirri vinnu.

Annað atriði sem má benda á í þessu samhengi er að skilyrði sem þarf að uppfylla til að vera samþykktur fagfjárfestir skv. 24. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eru mun

þrengri en í tilskipun nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID). Mikilvægt er að þessi skilyrði séu endurskoðuð og færð til samræmis við orðalag tilskipunarinnar til að samræmis sé gætt í því alþjóðlega umhverfi sem íslensk fjármálafyrirtæki starfa innan.

Góðir hlutir gerast hægt

Sem fyrr segir hefur sérstakur verðbréfhópur verið starfræktur með hléum á vettvangi SFF. Í skýrslu sem gefin var út árið 2014 forgangsraðaði hópurinn átta mikilvægum umbótatillögum en alls var að finna 22 tillögur í skýrslunni.

Greiðlega gekk að vinna að framgangi þessara mála. Þau snerust um að breyting á undanþágu staðgreiðslu næði einnig til verðbréfafyrirtækja, um innlausn hlutdeildarskírteina við samruna sjóða, heimild hlutafélaga til kaupa á eigin bréfum, bættu upplýsingaskyldu á skuldabréfamarkaði og rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til kaupa á óskráðum eignum og sértryggðum skuldabréfum. ■

Í skýrslu sem gefin var út árið 2014 forgangsraðaði hópurinn átta mikilvægum umbótatillögum en alls var að finna 22 tillögur í skýrslunni.

**Pannig sýna mælingar
Fjölmiðlavaktarinnar
100% aukningu á
hversu oft SFF var nefnt
í fjölmiðlum undanfarna
tólf mánuði miðað við
sambærilegar mælingar
árin á undan.**

Aukinn sýnileiki og átak í útgáfumálum

Fyrir um ári síðan var ákveðið að Samtök fjármálafyrirtækja myndu gera átak í útgáfumálum og almennri þátttöku samtakanna í umræðu um fjármálageirann og efnahagsmál. Markmiðið með þessu er að draga saman þekkingu þá sem fyrir hendi er innan samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra í greiningar og umfjallanir og leggja til inn í umræðuna um þróun fjármálamarkaðarins.

Segja má að þetta hafi að einhverju leyti tekist – að minnsta kosti þegar kemur að því að auka sýnileika samtakanna. Þannig sýna mælingar Fjölmiðlavaktarinnar 100% aukningu

á hversu oft SFF var nefnt í fjölmiðlum undanfarna tólf mánuði miðað við sambærilegar mælingar árin á undan. Sé þetta greint frekar kemur í ljós að umfjöllun þar sem SFF koma fyrir birtist reglulega og eru tilefnin fjölbreytt í stað þess sem áður var, þegar SFF komust í fréttir vegna tímabundinna mála sem fóru hátt í umræðunni. Þannig er oftast leitað sjónarmiða SFF um ólík mál sem snerta fjármálamarkaðinn og tryggingamál þegar um þau er fjallað.

Almennt eru það markmið samtakanna að vera ötull málsvari þeirra ólíku fjármálafyrirtækja sem innan



samtakanna eru og sýna frumkvæði með því að miðla fræðandi efni og umfjöllunum um ólíka þætti fjármálageirans. Til þess að ná þeim markmiðum hófu samtökin útgáfu á nýju ársfjórðungsriti á árinu og fékk það nafnið Hnotskurn. Hugsunin að



baki útgáfunni er að veita starfsmönnum SFF vettvang til þess að greina hagsmunamál fjármálageirans og bregða ljósi á það sem helst er í deiglu hverju sinni. Hnotskurn hefur nú komið út tvisvar sinnum og

SFF ákváðu þá loks á starfsárinu að taka sér bólfestu á helstu samfélagsmiðlum.



hefur verið fjallað um sérstaka skatta á fjármálafyrirtæki og áhrif þeirra á virðismat fyrirtækjanna en einnig neytendamál og framþróun fjármálaþjónustu. Í næstu Hnotskurn verða svo fjármálafræðslumál tekin fyrir.

Innreið á samfélagsmiðlunum

SFF ákváðu þá loks á starfsárinu að taka sér bólfestu á helstu samfélagsmiðlum. Markmiðið með þeirri ákvörðun

var að styrkja miðlun þess efnis sem framleitt er á skrifstofu samtakanna, hvort sem um er að ræða fróðleik um fjármálageirann eða það sem snýr að afstöðu til einstakra álitamála og færa þau nær samfélagslegri umræðu. Segja má að þessi innreið hafi mælst ágætlega fyrir. Það hefur einnig styrkt veru samtakanna á samfélagsmiðlunum hvað starfsmennirnir eru virkir á ritvellingum, skrifa reglulega greinar í blöð



um fjármál og eru virkir þátttakendur í umræðuþáttum í ljósavakamiðlum. Samfélagsmiðlarnir hafa jafnframt nýst vel til þess að vekja athygli á fundum samtakanna og í gegnum þá er varpað raunsærri mynd af þeirri starfsemi sem á sér stað í fjármálagéiranum.

Fjöldi funda og ráðstefna á árinu

Á hverju ári standa SFF fyrir fjölda funda um málefni sem varða geirann og mál-

stofur eru veigamikill þáttur í starfsemi samtakanna, enda hafa þær nýst vel til þess að miðla fræðslu milli starfsmanna aðildarfélaganna um sérhæfðari mál sem meðal annars tengjast innleiðingu á tilskipunum og reglugerðum Evrópusambandsins um fjármálamarkaðinn. Samtökin hafa einnig opnað dyr samtakanna fyrir hópum sem vilja fræðast um starfsemi samtakanna og fjármálamarkaðinn. Háskólastúdentar hafa heimsótt samtökin og eru fleiri slíkar heimsóknir fyrirhugaðar á þessum vetri. Eins hafa fulltrúar samtakanna heimsótt menntaskólanemendur og svarað spurningum sem á þeim brenna um efnahagsmál, fjármálastarfsemi og tryggingar.

Á þessu starfsári hafa ráðstefnur um verðbréfamarkaðinn, fjármálafræðslu og samfélagslega ábyrgð verið fyrirferðarmiklar og á sama tíma hefur verið staðið fyrir fundi með annars vegar Fjármálaeftirlitinu ásamt fjölda funda með sérfræðingum aðildarfélaganna varðandi mál sem tengjast innleiðingu EMIR, persónuverndarreglugerðinni og greiðslumiðlunartilskipuninni svo dæmi séu tekin. ■

Samtökin hafa einnig opnað dyr samtakanna fyrir hópum sem vilja fræðast um starfsemi samtakanna og fjármálamarkaðinn.

Þetta nýja regluverk endurspeglar lærdóminn sem evrópskir stefnusmiðir drógu af hinni alþjóðlegu fjármálakreppu.

Nýir varnargarðar

Frá því að fjármálakreppan skall á hafa um fjörutíu viðamiklar tilskipanir sem snerta nánast alla þætti fjármála-markaða verið samþykktar á vettvangi Evrópusambandsins. Sama á við um fjölda reglugerða tengdra þessum tilskipunum. Þetta nýja regluverk endurspeglar lærdóminn sem evrópskir stefnusmiðir drógu af hinni alþjóðlegu fjármálakreppu. Til einföldunar má segja að öll þessi reglusetning hafi fjórþætt markmið:

- Í fyrsta lagi er verið að draga úr áhættumyndun á einstökum sviðum fjármálamarkaða á borð við fasteignalán og verðbréfavíðskipti.
- Í öðru lagi er verið að grípa til aðgerða til þess að auka gæði eiginfjár og þar af leiðandi viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja.
- Í þriðja lagi er verið að styrkja innstæðutryggingakerfið og tryggja skilvirk viðbrögð við áföllum með nýjum reglum um skilameðferð fjármálafyrirtækja.
- Í fjórða lagi eru gerðar lagfæringar á ýmsum innviðum fjármálakerfisins. Undir þennan þátt falla atriði eins og reglur um starfsemi láns hæfisfyrirtækja, reglur um skortsölu og reglur um miðlæga uppgjörsaðila.



Hér á landi hefur verið unnið stótt og stöðugt að innleiðingu þessara tilskipana. Þrátt fyrir að enn sé langt í land og tafir hafi orðið vegna stjórn- málaástandsins er vinna við eina af veigamestu tilskipunum nú langt komin hér á landi og áhersla lögð á að hún verði tekin upp í EES samninginn fljótlega.

Um er að ræða tilskipanir ESB um innstæðutryggingar og viðbúnað, skilameðferð og slit fyrirtækja á fjármálamarkaði (e. Bank Recovery and Resolution Directive). Fyrri tilskipunin leysir af hólmi eldri tilskipun en sú síðari felur í sér grundvallar-

breytingar á hvernig skuli standa að viðbúnaði og aðgerðum vegna gjald- þrots fjármálafyrirtækis.

Samræmd skilameðferð fjármálafyrirtækja

Saman er þessum tveimur tilskipunum ætlað að mynda heildstæða evrópska umgjörð um hvernig eigi að bregðast við erfiðleikum í rekstri fjármálafyrirtækja (e. Single Resolution Mechanism). Sem kunnugt er urðu hinir djúpstæðu erfið- leikar á fjármálamörkuðum á árunum eftir 2008 til þess að aðildarríki ESB fóru mörg hver sínar eigin leiðir þegar kom að aðstoð við heimabanka í erfiðleikum

Þrátt fyrir að enn sé langt í land og tafir hafi orðið vegna stjórn- málaástandsins er vinna við eina af veigamestu tilskipunum nú langt komin hér á landi og tilskipanirnar verða væntanlega tilbúnar til þinglegrar meðferðar eftir að þær hafa verið teknar upp í EES- samninginn.

Algengt er að um
15-30% innstæðna
í nágrannaríkjum
og á meginlandinu
séu geymd í
einum banka.

og oftar en ekki án þess að skeyta um að viðkomandi bankar störfuðu þvert á landamæri. Til þess að afstýra að þetta endurtaki sig er tilskipununum tveimur ætlað að koma á samræmdri skilameðferð fjármálafyrirtækja í Evrópu (e. Single Resolution Mechanism). Erfiðleikar fjármálafyrirtækja leiddu einnig til mikilla fjárútláta úr opinberum sjóðum.

Eins og kom í ljós þegar á reyndi voru gallar á eldri tilskipuninni um innstæðutryggingar. Nýju tilskipuninni er ætlað að berja í þá bresti og taka af allan vafa um að innstæður að andvirði allt að 100 þúsund evra verði tryggðar til útgreiðslu ef fjármálafyrirtæki fer í þrot og er aðildarríkjum gert skylt að sjá til þess að innstæða sé fyrir slíkum heitum. Þá er gert ráð fyrir að tryggja þurfi að innstæður verði greiddar út á tíu virkum dögum frá þroti þegar tilskipunin hefur að fullu tekið gildi.

Sambjöppun innlána algeng í Evrópu

Tenging innstæðutryggingatilskipunarinnar við tilskipunina um skilameðferð o.fl. er meðal annars tilkomin vegna þeirrar staðreyndar að fjármála-


markaðir í flestum þróuðum iðnríkjum um einkennast af mikilli samþjöppun. Burtséð frá fjölda innlánastofnana í ríkjum Evrópu eiga þau það sameiginlegt að stærsti hluti innstæðnanna er geymdar í nokkrum bönkum. Á Íslandi eru þrjú fjármálafyrirtæki með um 90% innstæðna og sambærilega sögu er að segja í öðrum Evrópuríkjum: Algengt er að um 15-30% innstæðna í nágrannaríkjum og á meginlandinu séu geymd í einum banka.

Af þessum sökum er ekki trúverðugt eða raunhæft að innstæðusjóður viðkomandi ríkis geti tryggt innstæður ef allt fer á versta veg. Tilskipuninni um viðbúnað, skilameðferð og slit fyrirtækja á fjármálamarkaði er ætlað að leysa þennan vanda.

Tilskipunin felur í sér að nýtt stjórnvald – skilavald – verði sett á laggirnar og fái í hendur víðtæk úrræði til að grípa inn í rekstur og ráðstafa eignum fjármálafyrirtækja á fallanda fæti. Skilavaldið fær einnig heimildir til að færa niður hlutafé og víkjandi lán og gefa eftir ótryggðar skuldbindingar í því skyni að endurreisa eiginfjár-

Hluttur þriggja stærstu banka

– í bankakerfi hvers lands



stöðu fallandi fyrirtækis. Loks fær það heimild til að setja fjármálafyrirtæki í gjaldþrotameðferð, en samkvæmt tilskipuninni verður fjármálafyrirtæki ekki sett í gjaldþrotameðferð nema með samþykki skilavaldsins.

Í fótspor Íslendinga og Bandaríkjamanna

Tilskipunin er í þremur þáttum. Fyrsti þátturinn fjallar um fyrirbyggjandi aðgerðir til að forða áföllum í rekstri fjármálafyrirtækja. Þetta felur meðal annars í sér að fjármálafyrirtæki er gert að hafa til reiðu viðbúnaðaráætlun (e. living will). Annar þátturinn er skilameðferð þar sem kveðið er á um heimildir skilavalds, hvernig staðið verði að endurskipulagningu rekstrar fjármálafyrirtækja sem eru á fallanda fæti. Markmið skilameðferðar er að draga úr skaðlegum áhrifum af falli fjármálafyrirtækja á efnahagskerfið, vernda innstæður og tryggja að byrðar verði ekki lagðar á skattgreiðendur í skilameðferð. Skilameðferð beinist fyrst og fremst að kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum en önnur

fjármálafyrirtæki fara gjaldþrotaleið.

Loks er þáttur um gjaldþrotameðferð á fjármálafyrirtækjum, hvernig þau verði tekin til gjaldþrotameðferðar og hvaða sérákvæði gildi um forgangsöröðun krafna í bú þeirra. Gjaldþrotameðferð er fyrst og fremst beint að fjármálafyrirtækjum sem ekki eru kerfislega mikilvæg og eins að eftirhreytum af búum fjármálafyrirtækja sem hafa verið tekin til skilameðferðar.


Að mörgu leyti svipar þessu fyrirkomulagi til innstæðutryggingakerfisins í Bandaríkjunum (e. Federal Deposit Insurance Corporation) og neyðarlaganna sem samþykkt voru á Íslandi haustið 2008. ■

Markmið skilameðferðar er að draga úr skaðlegum áhrifum af falli fjármálafyrirtækja á efnahagskerfið, vernda innstæður og tryggja að byrðar verði ekki lagðar á skattgreiðendur í skilameðferð.

Kerfið er fjármagnað með stofnframlagi frá ríkissjóði, iðgjöldum aðildarbanka og lánsloforði frá ríkissjóði BNA.

Fjöldi gjaldþrota banka

– í Bandaríkjunum



Reynslan af FDIC

Bandaríska innstæðutryggingakerfinu (Federal Deposit Insurance Corporation; FDIC) var komið á fót í kreppunni miklu. Um er að ræða ríkisstofnun sem hefur eftirlit með öllum innlánsstofnunum. Kerfið er fjármagnað með stofnframlagi frá ríkissjóði, iðgjöldum aðildarbanka og lánsloforði frá ríkissjóði BNA. Í dag eru innstæður vestanhafs tryggðar að 250 þúsund Bandaríkjadöllum. Kerfið hefur reynst

vel frá stofnun þess. Þrátt fyrir fjöldagjaldþrot á áttunda og níunda áratugnum í svokallaðri sparisjóðskreppu (e. Saving and Loans Crisis) og fjármálakreppuna á þessari öld hefur sjaldan þurft að greiða úr sjóðnum. Hið opinbera hefur jafnframt aldrei þurft að leggja sjóðnum til fé fyrir utan stofnframlagið.

Kerfið virkar þannig að ef innlánsstofnun stefnir í þrot og viðkomandi eftirlitsaðili lokar



henni eru nánast öll völd fengin í hendur FDIC sem sér um skilameðferðina. FDIC er heimilt að sameina stofnunina annarri stofnun, selja eignir, framselja skuldir og stofna nýja stofnun („brú-arbanka“) til að taka við eignum og skuldum að öllu leyti eða að hluta. FDIC velur oftast tvær leiðir til að bregðast við greiðsluþroti innlánsstofnunar:

- Greiða bætur til innstæðueigenda og taka bú þrotá innlánsstofnunar til sölu-

meðferðar í því skyni að endurheimta útlagðan kostnað (Deposit Payoff; DP).

- Ráðstafa innstæðum og eignum á móti til starfhæfrar innlánsstofnunar og selja eftirstandandi bú (Purchase and Assumption Agreement; PAA).

FDIC er samkvæmt lögum skylt að velja þann kost sem hefur í för með sér minni útgjöld og velur þar af leiðandi langoftast þann seinni.

Fjármálafræðsla mikilvæg nú sem aldrei fyrr

Líkt og kunnugt er hafa SFF undanfarin ár boðið grunnskólum upp á heimsóknir frá starfsmönnum úr fjármálafyrirtækjum með námsefnið Fjármálavit og fengið afar góðar undirtektir kennara og nemenda.



Börn og ungmenni standa nær daglega frammi fyrir ákvörðunum um ráðstöfun peninga. Því er fræðsla um þjónustu og fjármálavörur lykilatriði þegar kemur að því að ala upp vel læsa einstaklinga á fjármál.

Eitt af helstu baráttumálum SFF frá stofnun hefur verið efling fjármálafræðslu ungmenna og hafa samtökin lagt áherslu á að slík fræðsla verði hluti af námskrá grunnskóla. Líkt og kunnugt er hafa SFF undanfarin ár boðið grunnskólum upp á heimsóknir frá starfsmönnum úr fjármálafyrirtækjum með námsefnið Fjármálavit og fengið afar góðar

undirtektir kennara og nemenda. Í námsefni Fjármálavits er lögð áhersla á þætti í fjármálum sem mikilvægt er að sérhver unglingur tileinki sér. Þetta eru þættir eins og að setja sér markmið og spara t.d. fyrir ferðalagi, tölvu, bíl eða fjárfesta í húsnæði. Vakin er athygli á mikilvægi trygginga og lífeyrismála auk þess sem unglingar eru margir að vinna með skóla og þurfa því að átta sig á hugtökum launaseðilsins eins og lífeyris-sparnaði, persónuafslætti, sköttum og stéttarfélögum.

Kennarar eru margir hverjir orðnir vel kunnugir námsefni Fjármálavits



Guðmundur Ólafsson, starfsmaður
í Arion banka, leiðbeinir nemendum í
Grunnskóla Reyðarfjarðar.

og er það markmið með Fjármálaviti að með tímanum þurfi kennarar ekki á skólaheimsókn að halda, heldur geti sjálfir notað námsefnið og vilji það. Ef til er gott námsefni sem kennarar mæla með er kominn betri grundvöllur fyrir því að fjármálafræðsla festi sig í sessi í aðalnámskrá grunnskólanna.

Landssamtök lífeyrissjóða til liðs við Fjármálavit

Eitt af því sem stóð upp úr á árinu var þegar Landssamtök lífeyrissjóða gengu


til samstarfs við SFF um Fjármálavit. Skrifað var undir þann samning 29. mars, mitt í Evrópsku peningavíkunni. Með innkomu lífeyrissjóðanna hefur verkefnið fengið byr undir báða vængi og aukinn slagkraft.

Þróun námsefnisins – Fyrstu skref í fjármálum

Í vor fóru SFF í samstarf við Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins, um bókina „Lífið er rétt að byrja“. Með bókinni



Guðrún Inga Guðlaugsdóttir, starfsmaður Sjónvá, með krökkum í Áslandsskóla.



Fjármálavit gefur nemendum í 10. bekk kennslubókina „Fyrstu skref í fjármálum“ eftir Gunnar Baldvinsson.



Strákarnir á myndinni eru í 10. bekk í Lágafells-skóla og fengu það verkefni að útbúa sparnaðaráætlun fyrir heimsreisu.

voru stigin ný skref í þróun námsefnis Fjármálavits og geta allir nemendur í 10. bekk á landinu fengið bók að gjöf frá Fjármálaviti. Markmiðið með bókar-gjöfnni er að veita kennurum enn fleiri tæki og tól til kennslu í fjármálalæsi og margir skólar nýta nú þegar bókina við góðar undirtektir.

Fjármálavit í evrópsku samstarfi

Fjármálavit er þátttakandi í átaki Evrópsku bankasamtakanna (EBF) til að efla og bæta fjármálalæsi í Evrópu. Það eru systursamtök SFF í þrjátíu Evrópuríkjum sem koma að þessu verkefni en hápunktur samstarfsins á ári hverju er þegar staðið er fyrir Evrópsku peningavikunni. Undir flaggi Fjármálavits hafa SFF staðið fyrir fjölmörgum viðburðum hér á landi í tengslum við peningavikuna. Í ár stóðu samtökin meðal annars fyrir ráðstefnu um fjármálalæsi þar sem kennarar og stofnanir sem vinna að eflingu fjármálafræðslu ungmenna leiddu saman hesta sína og fjölluðu um stöðu mála. Kristján Þór Júlíusson, ráðherra menntamála, ávarpaði fundarmenn og í ræðu sinni þakkaði hann fyrir Fjármálavit og aðkomu fjármálageirans að eflingu fjármálafræðslu. Jafnframt kom fram í hans máli vilji til samráðs stjórnvalda og Fjármálavits.

Fram hefur komið á vettvangi Evrópsku bankasamtakanna að Samtök fjármálafyrirtækja séu í fararbroddi evrópskra bankasamtaka þegar



Á myndinni má sjá Kristínu Lúðvíksdóttur, verkefnisstjóra Fjármálavits, Katrínu Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra SFF, Þóreyju S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra LL og Raket Fleckenstein Björnsdóttur, verkefnastjóra LL, við undirskrift samningsins.

Hér má sjá hluta af þátttakendum í pallborðsumræðum á ráðstefnu SFF um fjármálalæsi, þau Helgu Margréti Marzelliúsardóttur frá Landsbankanum, sem er þálfreynd í skólaheimsóknnum, Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins og höfund bókarinnar „Fyrstu skref í fjármálum“, og Kristófer Mál Maronsson, nýútskrifaðan hagfræðing og fyrrverandi formann Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

kemur að þessum málaflokki og eru SFF eina aðildarfélag EBF sem sinnir fjármálalæsi ungmenna markvisst allt árið í kring með heimsóknnum í grunnskóla og sífelldri þróun á námsefni og innleiðingu þess við fjármálafræðslu í efri bekkjum grunnskóla.

Evrópuleikar í fjármálalæsi

SFF undirbýr nú þátttöku Fjármálavits í evrópskum spurningaleikum EBF næsta vor. Haldin verður landskeppni í hverju landi og þar mun Fjármálavit nota spurningavefleikinn Fjármálahreysti sem byggður er upp samkvæmt þekkingarramma PISA. Alls munu um 30 aðildarlönd EBF halda keppnir heima fyrir og eru miklar væntingar bundnar



Samstarfshópur Evrópsku bankasamtakanna undirbýr Evrópsku peningavikuna 2018.

Alls munu um 30 aðildarlönd EBF halda keppnir heima fyrir og eru miklar væntingar bundnar við leikana hjá EBF.



Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðgjafi ávarpar ráðstefnu SFF um fjármálalæsi.

við leikana hjá EBF. Sigurvegari í hverju landi fær í vinning ferð til Brussel og tekur þar þátt í úrslitaleik EBF um fjármálasnílling Evrópu.

Vottun fjármálaráðgjafa og váttryggingastarfsmanna

Segja má að áherslur Samtaka fjármálafyrirtækja í fræðslumálum séu tvíþættar: Í fyrsta lagi að leggja sitt af mörkum til þess að efla fjármálalæsi upprennandi kynslóða gegnum verkefni á borð við Fjármálavít og í annan stað að auka gæði þeirrar fjármálaráð-

gjafar sem veitt er hverju sinni innan starfandi fjármálafyrirtækja.

Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa frá árinu 2011. Um er að ræða nám í fjármálaráðgjöf og þeir sem standast kröfur þess útskrifast sem vottaðir fjármálaráðgjafar. Markmið vottunarinnar er að samræma þær kröfur sem eru gerðar til fjármálaráðgjafa og enn fremur að tryggja að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og færni í starfi.



Verkefnið á sér norska fyrirmynd en slíkt vottunarferli hefur verið að ryðja sér til rúms í nágrannalöndunum á undanförunum árum. Að vottunarnáminu standa SFF, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskólinn á Bifröst, viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Frá því að vottunarnámið hófst hafa ríflega 200 fjármálaráðgjafar hlotið vottun. Strangar kröfur eru gerðar til þess að þeir sem hljóta vottun sýni að þeir viðhaldi færni í starfi og þar af leiðandi þurfa

þeir að endurnýja vottun sína með nokkurra ára millibili. Góð reynsla af námi til vottunar fjármálaráðgjafa varð til þess að skipulagi Tryggingaskólans, sem rekinn var um árabil, var breytt fyrir tveimur árum, en þá hófu fyrstu starfsmenn váttryggingafélaganna nám til vottunar váttryggingastarfsmanna við Opna háskólann. Nú hefur 51 starfsmaður váttryggingafélaganna hlotið slíka vottun. Í ár útskrifuðust 13 starfsmenn úr náminu. Að náminu til vottunar váttryggingastarfsmanna standa SFF, váttryggingafélögin og Opni háskólinn. ■

Til þess að mæta kröfum viðskiptavina fjármálafyrirtækja um faglega ráðgjöf hafa SFF staðið fyrir verkefninu um vottun fjármálaráðgjafa frá árinu 2011.

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja í hagsmunamálum þeirra og stuðla að því að starfsskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF vinna að jöfnum skilyrðum fyrir öll fjármálafyrirtæki sem keppa á sama markaði, án tillits til stærðar og eignarhalds. Samtökin hafa bætt samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja og heilbrigða fjármálastarfsemi í forgrunni í störfum sínum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. SFF leggja áherslu á að traust og öflugt fjármálakerfi er forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimili njóti góðrar fjármálaþjónustu. SFF taka virkan þátt í samstarfi á alþjóðavettvangi en samtökin eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Evrópsku tryggingasamtökunum (IE). Virk þátttaka í erlendu samstarfi skiptir miklu máli fyrir samtökin, enda starfa íslensk fjármálafyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi vegna mikilvægis útflutningsiðnaðar fyrir íslenska hagkerfið og hins evrópska lagaumhverfis sem gildir um starfsemi þeirra. ■



Starfsfólk SFF. Talið frá vinstri: Örn Arnarson, Kristín Lúðvíksdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Yngvi Örn Kristinsson, Vigdís Halldórsdóttir og Jóna Björk Guðnadóttir.

Aðildarfélög Samtaka fjármálafyrirtækja

80

SFF

Arctica Finance

Kvika

Arion banki

Landsbankinn

Borgun

Landsbréf

Gamma Capital

Lánasjóður sveitarfélaga

Íslandsbanki


Líftryggingafélag Íslands

Íslandssjóðir

Líftryggingamiðstöðin

Íslensk verðbréf

Lýsing



Okkar líftryggingar

Stefnir

Sjóvá Almennar líftryggingar

T Plús

Sjóvá Almennar líftryggingar

Tryggingamiðstöðin

Sparisjóður Austurlands

Valitor


Sparisjóður Höfðhverfinga

VÍS

Sparisjóður Strandamanna

Vörður

Sparisjóður Suður-Pingeyinga



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association